



Kíktu í BT
BT
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 23. febrúar 2005 • 8. tbl. • 22. árg.

Félagsheimilið á Suðureyri.
Suðureyri
Ráðist á dyravörð

Ein líkamsrás var kærð til lögreglunnar á Ísafirði um síðustu helgi en um var að ræða árás á dyravörð sem var við störf á góublóti á Súgfirðinga aðfaranótt sunnudags.

Að sögn lögreglunnar var þar að verki aðili sem vildi komast á blótið án þess að eiga beint erindi þar inn. Áverkar munu þó ekki hafa verið mjög miklir en dyravörðurinn leitaði til læknis í kjölfar árásarinnar. Málið er til rannsóknar hjá lögreglunni. – *thelma@bb.is*



Dýpkun að ljúka í Bolungarvíkurhöfn

Þessa dagana er að ljúka vinnu við dýpkun hafnarinnar í Bolungarvík sem hófst í haust. Að sögn Ólafs Svans Gestsonar hjá Bolungarvíkurhöfn hefur verkið gengið vel. Það eru starfsmenn Ístaks hf. sem unnið hafa verið og nota til þess gröfuna Gretti. Þegar verkinu lýkur verður innsiglingin 9,5 metrar að dýpt og í höfninni verður dýpið 9,2 metrar. Sem kunnugt er hafa loðnuskip landsmanna stækkað hratt á undanförunum árum og er dýpkunin til þess að geta mætt þörfum þeirra skipa. – *hj@bb.is*

Listahátíð í Reykjavík og Ísafjarðarbær í samstarf

Tveir viðburðir Listahátíðar sýndir á Ísafirði

Ákveðið hefur verið að tveir viðburðir Listahátíðar í Reykjavík verði haldnir á Ísafirði í vor og verður samningur þar um undirritaður í Safnahúsinu á Ísafirði í dag. Með samningi Listahátíðar, Flugfélags Íslands og Bygðastofnunar, hefur reynst mögulegt að flytja ákveðinn hluta Listahátíðar út á land til með það að markmiði að fleiri geti notið þeirrar hátíðin hefur uppá að bjóða. Þeir viðburðir sem verða á Ísafirði,

eru hljómleikar strengjakvartettinn Pacifica frá New York og sýningar myndlistarmannanna Elínar Hansdóttur og Hreins Friðfinnssonar.

Myndlistarsýningar Elínar og Hreins verða opnaðar í Slunkaríki og Edinborgarhúsinu þann 15. maí í tengslum við hringflug Flugfélags Íslands sem efnt verður til í til efni opunar viðburða á vegum Listahátíðar á fleiri stöðum á landinu. Hringflugið, sem

hlotið hefur nafnið „Listflug“ þar sem flogið er til opunar sýninga í öllum landshlutum og er fyrsti viðkomustaður Ísafjörður. Sýningar þeirra Elínar og Hreins eru hluti af stærsta myndlistarverkefni sem efnt hefur verið til hér á landi og nær til yfir 20 sýningarstaða. Sýningarstjóri er Jessica Morgan frá Tate Modern safninu í London.

Tónleikar Pacifica verða í Hömrum 4. júní. Kvartettinn



Safnahúsið Eyrartúni.

Pacifica er talinn einn allra fremsti kvartett Bandaríkjanna í dag og hefur hvarvetna vakið mikla athygli. og góða dóma gagnrýnenda. Einn Íslendingur, Sigurbjörn Bernharðsson,

er í kvartettinum og af því tilefni gefst tónlistarnemum einnig kostur á að hlýða á fræðsludagskrá kvartettsins á Ísafirði.

– *hj@bb.is*

OPIÐ:

virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21

Verið
 velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

INNANLANDS er...

öflugasta flugvermið á Íslandi. Við höfum samráð með bestu flugfélögum, gæmslur flímáls og samfélagsáætlun um land allt í ött heilduðum fluglínum. Við bjóðum daglega ferðir og öflug áreiðingartækni bæði fyrir fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum og eru líkandi í fluginum á hekkum og tryggtum áföllum.



Gettagar 15 • 101 Reykjavík • Sími 525 7700 • Fax 525 7700 • www.eimskip.is

Sjúkrabíll á Ísafirði kallaður til Bolungarvíkur vegna mistaka Neyðarlínunnar

Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar fundar með heimamönnum

Vegna mistaka kallaði Neyðarlínan 112, sjúkrabíll frá Ísafirði í stað Bolungarvíkur þegar maður hneig niður með vitundarlaus síðdegis sunnudaginn 12. febrúar og lést. Sjúkrabíllinn frá Ísafirði var um 15 mínútur á staðinn. Sjúkrabíll úr Bolungarvík hefði verið mun skemmri tíma á staðinn. Þegar sjúkraflutningsmenn frá Ísafirði komu á staðinn var maðurinn látinn. Hann hafði átt við vanheilsu að stríða. Framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar segir mistökin mjög leið og þau fyrstu sinnar tegundar í ný ára sögu Neyðarlínunnar.

Það var kl. 18:11 sem Neyð-

arlínunni barst símtal þar sem óskað var eftir aðstoð á heimili í Bolungarvík þar sem 73 ára gamall maður hafði hniðnið niður með vitundarlaus. Í framhaldinu boðaði Neyðarlínan lækni frá Ísafirði þar sem um 15 mínútur á vettvang þar sem töluverð hálsa var á vegum og snjókomu. Þegar komið var á staðinn hófu sjúkraflutningsmenn frá Ísafirði lífgunartilraunir sem báru ekki árangur. Áður hafði lögreglumaður í

Bolungarvík reynt lífgunartilraunir.

Engin tilkynning um útkall barst til slökkviliðs Bolungarvíkur sem sér um sjúkraflutninga á staðnum. „Neyðarlínan sér um boðun á viðbragðsaðilum bæði í Bolungarvík og á Ísafirði. Þegar þetta atvik átti sér stað fékk lögreglan á Ísafirði vitneskju um að verið væri að kalla út sjúkrabílfreið og lét lögregluna í Bolungarvík vita. Lögreglumaður fór strax á staðinn og hóf lífgunartilraunir og hélt þeim áfram, allt þar til sjúkraflutningsmenn komu til aðstoðar. Rangt er með farið í fréttinni að lífgunartilraunir hafi ekki hafist fyrir

en sjúkrabílfreiðin kom á vettvang. Samkvæmt upplýsingum lögreglunnar í Bolungarvík barst þetta útkall Neyðarlínunnar ekki til Slökkviliðs Bolungarvíkur, sem sér um sjúkraflutninga, og engin boð komu frá Neyðarlínunni til lögreglunnar í Bolungarvík varðandi útkallið.“ segir í tilkynningu frá Jóni Bjarna Geirssyni, aðalvarðstjóra í lögreglunni í Bolungarvík.

Þórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar segir að vegna mistaka starfsmanns Neyðarlínunnar hafi sjúkrabílfreið verið kölluð til frá Ísafirði en ekki Bolungarvík. Mistökin urðu með þeim

hætti að þegar færðar voru inn nýjar upplýsingar um útkalls-síma var ekki eytt út eldri tilkynningu og því hafi verið hringt eftir þeirri gömlu og því hafi í þessu tilfelli verið hringt á rangan stað. Hann segir þessi mistök afar leið og í raun þau fyrstu af þessu tagi þau nú ár sem liðin eru frá stofnun Neyðarlínunnar.

Þórhallur mun kemur til Bolungarvíkur í þessari viku til að ræða framangreind mistök. „Eftir viðræður mínar við heimamenn um þetta atvik var ákveðið að halda fund vestra þar sem farið verður yfir öll skipulagsmál sem tengjast okkar starfsemi. Við viljum í

samstarfi við heimamenn tryggja að atvik í líkingu við það sem gerðist á sunnudaginn gerist aldrei aftur. Þrátt fyrir að búið sé að girða fyrir að álíka mistök geti átt sér stað í tölvukerfi okkar þá eru ákveðin þættir í skipulaginu vestra sem við viljum ræða og tryggja að verði með sem bestum hætti.“ sagði Þórhallur Ólafsson framkvæmdastjóri.

Maðurinn sem lést var eins og áður sagði 73 ára gamall og hafði átt við vanheilsu að stríða. Ekki er hægt að segja til um hvort hann hefði lifað þrátt fyrir að sjúkrabíll hefði komið fyrr á staðinn.

– hj@bb.is



Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti að leggja 80 milljónir króna til viðbótar í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum.

Súðavíkurhreppur

Leggur 80 milljónir í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkti í síðustu viku að leggja 80 milljónir króna til viðbótar í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Stjórnin lagði um 100 milljónir króna í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum í mars á síðasta ári.

„Við byrjuðum á þessu fyrir um einu og hálfu ári síðan og lögðum þá inn 20 milljónir í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum og fylgdu með

þeirri þróun. Við vorum það ánægð að samtals höfum við nú lagt 200 milljónir í sjóðsstýringu hjá Íslenskum verðbréfum“, segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri.

„Áhættan sem við tökum er lágmörkuð. Mikilvægt að fara varlega og því höfum við dreift fjárfestingum okkar. Við væntum ekki neinna sveiflna hvorki upp né niður en treystum á langtíma ávöxtun“, segir Ómar. – thelma@bb.is



Eins og sjá má eru framkvæmdir á utanverðu húsinu langt komnar á leið.

Framkvæmdir við Edinborgarhúsið á Ísafirði ganga vel

Framkvæmdir við Edinborgarhúsið á Ísafirði ganga vel að sögn Jóns Sigurpálssonar, eins af forsvarsmönnum Edinborgarfélagsins. Verið er að færa húsið aftur í upprunalegt horf en það var byggt árið 1907 og var teiknað af Rögnvaldi Á. Ólafssyni sem nefndur hefur verið fyrsti íslenski arkitektinn. „Starfsmenn Agústs og Flosa ehf. eru langt komnir með að ljúka þessum áfanga sem er að járnklæða húsið og klára á útbyggingarnar að utanverðu. Næst verður farið í framkvæmdirnar að innandyra“, segir Jón Sigurpálsson.

– thelma@bb.is

Byggingu íþróttahúss á Suðureyri seinkar nokkuð

Ahending hússins fer fram í lok maí

Byggingarnefnd um íþróttahús á Suðureyri hefur samþykkt að lengja verktíma við byggingu íþróttahússins um fimm vikur og á það nú að afhendast 28. maí í stað viku 16. Verktakinn óskaði eftir lengri tíma til að klára verkið en fékk ekki. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur

samþykkt tillögu byggingarnefndarinnar sem haldinn var í síðustu viku var lagt fram

bréf frá verktaka við bygginguna, Ágústi og Flosa ehf., þar sem óskað var eftir breytingu á afhendingartíma hússins „vegna margskonar ófyrirsjáanlegra tafa sem þeir hafa

orðið fyrir“ eins og segir í bókun nefndarinnar.

Í stað þess að skila verkinu í viku 16 á þessu ári óskuðu verktakarnir eftir því að skila verkinu í viku 26. Á fundinum var lögð fram greinargerð Gísla Gunnlaugssyni tækni-fræðingi sem hefur eftirlit með byggingu hússins. Þar leggur

hann til að skilafémi verksins verði í 21. viku þ.e. 28. maí. Samþykkti nefndin að styðjast við tillögu Gísla. Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánudaginn var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að tillaga byggingarnefndarinnar um verklok verði samþykkt. – hj@bb.is

Guðni Geir Jóhannesson, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga vill skýr svör frá samgönguráðherra

Grein sýslumannsins lýsir ótrúlegum hroka í garð íbúa á norðanverðum Vestfirðum

Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga vill skýr svör frá samgönguráðherra, hver stefna hans sé í vegagerð á Vestfirðum. Hann er afar ósáttur við skrif sýslumannsins á Patreksfirði á bb.is og segir þau lýsa miklum hroka í garð íbúa við Djúp. Hann vonar að stefna hans og framkoma eigi sér ekki fylgjendur meðal sjálfstæðismanna á norðanverðum Vestfirðum. Hann telur að vesturleiðin svokallaða verði ekki boðleg fyrir en gerð hafa verið jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði, Dynjandisheiði og Klettsháls ásamt

því að Þorskaftjörður, Djúpfjörður og Gufufjörður hafi verið þveraðir. Á stjórn mála fundi sem Sjálfstæðisflokkurinn hélt á Patreksfirði hélt í síðustu viku tilkynnti Sturla Böðvarsson að hann hefði tekið þá ákvörðun að beina því til Vegagerðarinnar að hún geri tillögu um að Gufufjörður, Djúpfjörður og Þorskaftjörður verði þveraðir. Einnig ítrekaði ráðherra þá stefnu að göng milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar komi næst á eftir Héðinsfjarðargöngum. Á fundinum sagði samgönguráðherra einnig að eins og er væri gert ráð fyrir vegi yfir Dynjandisheiði sem



Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Veggerðin teldi tæknilega mögulegt. Hann taldi hinsvegar mögulegt að þegar göngum yrði lokið undir Hrafn-

seyrarheiði verði staðan orðin sú að talið væri hagkvæmt að halda áfram undir Dynjandisheiði.

Guðni Geir segist sakna mjög að samgönguráðherra hafi ekki minnst á framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi. „Af fréttum að dæma af fundinum mætti ætla að handan hornsins sé ný leið fyrir íbúa á norðanverðum Vestfirðum. Því fer hinsvegar víðs fjarri að mínu áliti. Það var mótúð stefna af samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga að lokið yrði sem fyrst við leiðina um Djúp með þverun Mjóafjarðar og vegi um Arnkötludal. Það er fljótlegasta leiðin til þess að tryggja íbúum á norðanverðum Vestfirðum lágmarkssamgöngur við aðra landshluta. Jafnframt samþykkti nefndin að til þess að tengja saman norðanverða og sunnanverða Vestfirði verði í einu lagi að leggja jarðgöng undir Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Annað er ekki boðlegt. Því miður tók ráðherra ekki af skarið hvað þessa stefnu okkar varðar.

Þá greindi hann frá þeirri ákvörðun að stefna ætti að því að þvera Gufufjörð, Þorskaftjörð og Djúpfjörð. Fallist Skipulagsyfirlögd á þessa leið er það auðvitað fagnaðarefni. Hinsvegar var ekkert minnst á leiðina um Klettsháls. Þrátt fyrir að þar sé nýr vegur uppfyllir hann ekki þær kröfur sem gerðar eru til nútíma samganga. Því miður verður hann ófær í minnstu snjóum og þessi leið verður aldrei ásætlanleg fyrir íbúa á Vestfirðum nema gerð verði jarðgöng undir Klettsháls.“

Aðspurður hvort hann telji að samgönguráðherra vilji að vesturleiðin verði framtíðar-

leiðin fyrir íbúa á norðanverðum Vestfirðum til annarra landshluta segist Guðni Geir ekkert vilja um segja. „Samgönguráðherra verður sjálfur að svara því, hvaða stefnu hann hefur í þessu máli og ég vil gjarnan fá skýr svör frá honum um þá stefnu. Ég sakna þess mjög að hann skyldi ekki minnst á framkvæmdir í Djúpinu og á Ströndum á þessum fundi.“

Þórolfur Halldórsson sýslumaður á Patreksfirði og einn nefndarmanna í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga ritar grein á bb.is þar sem hann fagnar mjög yfirlýsingu ráðherra. Guðni Geir segist afar ósáttur við grein Þórolf. „Í grein sinni skrifar hann um leiðina um Arnkötludal sem sumarleið og að tillögur ráðherra séu einhver lokalausn fyrir íbúa á norðanverðum Vestfirðum. Þessi grein hans lýsir ótrúlegum hroka í garð íbúa á norðanverðum Vestfirðum og ég vona að hann eigi sér ekki skoðanasystkin í sínum flokki hér um slóðir.“

Guðni Geir segir stefnu sveitarstjórnarmanna á Vestfirðum hvað varðar tengingu norðanverða Vestfjarða afar skýra. „Það er forgangsverkefni að klára framkvæmdir í Ísafjarðardjúpi sem allra fyrst og einnig að leggja veg um Arnkötludal. Sú stefna hefur ekki breyst. Þessar framkvæmdir eru óháðar hugsanlegri tengingu á milli sunnanverðra og norðanverðra Vestfjarða“ segði Guðni Geir Jóhannesson.

– hj@bb.is

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík

Sorpgjald í Súðavík nægir fyrir kostnaði

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík segir að álagt sorpgjald í sveitarfélaginu nægi fyrir þeim útgjöldum sem sveitarfélagið hefur vegna hirðingar og eyðingar sorpsins. Þar er innheimt sorpgjald að upphæð 10.078 krónur á hverja íbúð. Starfsmaður hreppsins safnar sorpinu saman og flytur það til Ísafjarðar þar sem því er eytt í sorpbrennslunni Funa. Eins og kemur fram í frétt hér í blaðinu eru sorpgjöld mjög mismunandi á milli sveitarfélaga. Einnig vekur athygli að sveitarfélög á Vestfirðum sem flytja sorp sitt til Ísafjarðar til eyðingar í Funa innheimta lægra sorpgjald en Ísafjarðarbær sem er eigandi sorpbrennslunnar. Víðir Ólafsson stöðv-

arstjóri Funa segir að gjöld í Ísafjarðarbæ séu nálægt því að standa undir þeim kostnaði sem af sorphirðingunni og eyðingunni er. Í því ljósi er athyglisvert að sjá að fyrir eyðingu sorps er íbúum Ísafjarðarbæjar gert að greiða 9.300 krónur á íbúð. Er það því aðeins 778 króna lægri upphæð en íbúum í Súðavík er gert að greiða fyrir hirðingu sorpsins, akstur til Ísafjarðar og eyðingu í Funa. Eins og áður hefur komið fram greiða íbúar í Ísafjarðarbæ samtals 18.100 krónur í sorphirðu og eyðingu á hverja íbúð eða 79,5% meira en íbúar í Súðavík þurfa að greiða fyrir sömu þjónustu og eyðingu á sama stað. Ómar Már segir að undan-



farin ár hafi sorpgjöld í Súðavík nægt fyrir þeim útgjöldum sem af hirðingu, akstri og eyð-

ingu hlýst. Sveitarfélagið greiði ekki með þeirri þjónustu. – hj@bb.is

Staða útíbússtjóra Landsbankans

Góður hópur umsækjenda

Góður hópur umsækjenda var um stöðu útíbússtjóra Landsbankans á Ísafirði en umsóknarfrestur rann út á fimmtudag. Ekki er hægt að fá tölu umsækjenda þar sem ekki er víst að allar umsóknir hafi borist enn en samkvæmt upplýsingum blaðsins eru þær vel á annan tuginn.

Að sögn Atla Atlasonar framkvæmdastjóra starfsmannasviðs verður farið yfir umsóknirnar á næstu dögum og því er ekki tímabært að segja til um hvenær gengið verður frá ráðningu í starfið. „Við munum taka okkur þann tíma sem þarf við undirbúning ráðningarinnar“ segir Atli.

VIÐ SKORUM Á LANDSBYGGÐINA

Fritt í 10 daga!

Fyrstir koma – fyrstir fá!

Hefur þú kynnt þér frábæra dagskrá Stoðvar 2, Synar og Stoð 2-BÍÓ? Ef ekki, þá skorum við á þig að kynna þér málið af eigin raun og bjóðum þér myndkyll og frjá kynningar-áskrift í 10 daga hjá þjónustufulltrúanum þínum.*

Náveri upplýsingar á sto2.is

Þjónustuaðili	Pr. Staður	Símanúmer	Þjónustuaðili	Pr. Staður	Símanúmer
Tölvuþjónusta Vesturlands	310 Borgarnes	437 2260	Rafverkefni Árna Magnússonar	690 Vopnafjörður	473 1387
Eldvarnir og rafmagn	340 Sýkkshálmur	438 1200	Rafvæðingarskipti Svæms	700 Egilsstaðir	471 1438
Guðni E. Hallgrímsson	350 Grundarfjörður	438 6722	Kristján Jónsson	710 Seyðisfjörður	899 9424
Sigurjón Bjarnason	355 Snaellstaðir	436 1458	Hjalti Sigurðsson	735 Ekiþingur	476 1170
Rahel sf.	370 Suðavíkur	434 1455	Tölvuskipting ehf.	740 Neskaupstaður	470 2230
Pólinn ehf.	400 Isafjarður	456 3092	Jón Þorgrím Hauksson	750 Fiskruðvíkurbær	475 1407
Rahja sf.	415 Botunparki	456 7362	Hotel Framtíð/ Þórir Stefánsson	760 Dispogur	478 8887
Rafuó Jónas Þór ehf.	450 Patreksfirði	456 1198	Júlía Ímsland	780 Ísafjörður	470 1099
Karl Þór Þórisson	465 Bíldudalur	456 2217	Árvekinn hf.	800 Seltún	482 1160
Tengill sf.	470 Þingeyri	456 8178	Bergis ehf.	810 Hveragerði	483 4238
Ljósmynd sf.	510 Hólmavík	892 3467	Rós hf.	815 Portakleifi	483 3585
Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir	531 Hvanntang	699 3997	Mósfell sf.	850 Hellu	487 5828
Tengill hf.	550 Sauðárkrúkur	453 5519	Kristján Halldórsson	860 Hvalfjörður	487 8485
Jóhannes Friðriksson	580 Siglufjarður	050 8433	Þorgeirur Einarsson	870 Vík	487 1301
Raðionaut	600 Akureyri	451 5000	Sveinþórg Pálsdóttir	880 Kirkjubæjarklaustur	487 4634
Ónggi sf.	640 Húsvík	454 1600	Eyjaró	800 Vestmannaeyjar	481 2182
Ágúst Kristjánsson	680 Þorshefni	892 1505			

* Gildir eingöngu hjá ofangreindum þjónustufulltrúum á meðan berðir af myndkyllum endast. 10 daga kynningaráskrift - engin skuldbinding um framhaldsáskrift. Gildir ekki á staðingarsviði Digital Island (Pr. 101 - 300).

Starfsmenn á símaskiptiborð

Íslandsbanki óskar að ráða starfsmenn á símaskiptiborð

Þar sem Íslandsbanki ætlar að færa símsvörun fyrir bankann til Ísafjarðar vantar okkur tvo starfsmenn í útibú okkar á Ísafirði.

Starfsmenn sem starfa á skiptiborði Íslandsbanka á Ísafirði annast símsvörun fyrir höfuðstöðvar og útibú Íslandsbanka. Þeir veita upplýsingar um viðveru og fjarvistir starfsmanna og koma skilaboðum til starfsmanna sé þess óskað. Starfsmenn þurfa að hafa góða þekkingu á skipulagi og starfsemi Íslandsbankasveitarinnar.

Hæfniskröfur:

- Pokkaleg tölvukunnátta
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Þjónustulipurð
- Hæfni til að vinna undir álagi

Við leitum að einstaklingum sem eru tilbúnir að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu með jákvæðu og þægilegu viðmóti. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Nánari upplýsingar veitir Hávarður Finnbogason deildarstjóri, sími 440 4087, havardur.finnbogason@isb.is. Tengiliður í starfsmannþjónustu er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172. Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á netfangið sigrun.olafs@isb.is. Umsóknarfrestur er til 7. mars næstkomandi.

Íslandsbanki er framsækið og traust fyrirtæki í forystu með nýjungar í fjármálaþjónustu á Íslandi.

Sími 440 4000 • isb.is




Gísli Súrsson var á Vagninum á Flateyri á sunnudag. Mynd: Páll Önnundarson.

Vel heppnuð frumsýning á Gísla sögu

Kómedíuleikhúsið frumsýndi einleikinn Gísli Súrsson á Flateyri á föstudag. „Þetta tókst mjög vel og heimamenn tóku okkur opnum örmum. Við byrjuðum á því að fara í grunnskólann og gaman var að sjá hvernig krakkarnir tóku sýningunni en þau héldu athyglinni allan tímann og virtist líka þetta vel. Um kvöldið sýndum við í félagsheimilinu fyrir um 150 manns“, segir Elfar Logi Hannesson, leikari

sýningarinnar. Leikgerðina skrifuðu Elfar Logi og Jón Stefán Kristjánsson sem einnig er leikstjóri verksins. Önnur sýning einleiksins var á Vagninum á Flateyri á sunnudag. „Það var eins konar kaffileikhús og mjög góð stemning en um 40 manns sem komu á sýninguna“, segir Elfar Logi. Framundan eru sex sýningar í vikunni bæði almenningssýningar og í skólum. – *thelma@bb.is*

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM!



HUSGAGNALOFTIÐ
1100 Reykjavík • Sími 411 1111 • www.husgagnaloftid.is

Unglingameistaramótið haldið á Ísafirði

Unglingameistaramót Íslands á skíðum verður haldið á Ísafirði dagana 18.-21. mars n.k. Mótið verður sett í Ísafjarðarkirkju föstudagskvöldið 18. mars og keppt verður í alpa- og göngugreinum á laugardag, sunnudag og mánudag. Mótið er ætlað keppendum á aldrinum 13-16 ára og búist er við fjölmennu móti að vanda í þessum aldursflokkum. Mótstjórn Skíðafélags Ísfirðinga skipa þau Pálmi Jónsson, Alma Frimannsdóttir og Geir Sigurðsson. Frá þessu er greint á vef SFÍ þar sem senn verður opnuð heimasíða mótsins.

Nylon til Ísafjarðar

Hin vinsæla stúlknaðljómsveit Nylon er væntanleg til Ísafjarðar og heldur tónleika í sal grunnskólans á Ísafirði 1. mars. „Tónleikarnir eru samhlíða Sólrishátíð MÍ en grunnskólinn heldur þá í samvinnu við mig“, segir Gunnar Atli Gunnarsson, tónleikahaldari. Er þetta í annað sinn sem Nylon kemur til Ísafjarðar en þær tóku þátt í góðgerðartónleikum fyrir Krabbameinsfélagið Sigurvon í Hnífsdal í september. „Þær skemmtu sér vel hérna seinast og voru alveg til í að koma aftur og halda tónleika“, segir Gunnar. Tónleikarnir hefjast kl. 20 og miðaverð verður 500 kr.

Þjónustan könnuð

Spurningalistar frá Landlæknisembættinu um þjónustu heilsugæslustöðva munu liggja frammi á heilsugæslustöðvunum í Ísafjarðarbæ og í Súðavík út þessa viku. Könnunin fer fram á sextán heilbrigðisstofnunum víða um land og er hluti af árangursmati sem Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur unnið að frá því árið 2002. „Við hvetjum alla sem sækja þjónustu heilsugæslustöðvanna á tímabilinu að taka þátt því nauðsynlegt er að fá að vita hvort og hvar skólinn kreppti að“, segir Þróstur Óskarsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ.

Farpegum fjölga

Talsvert fleiri farþegar fóru um Ísafjarðarflugvöll árið 2004 en síðustu þrjú ár þar á undan, að því er fram kemur á vef Leiðar ehf. Samkvæmt bráðabirgðatölum Flugmálastjórnar var fjöldi farþega síðasta ár 45.393 sem er 13,3 % aukning frá árinu áður þegar farþegar voru 40.060. Fjöldi farþega um völlinn var mestur á árunum 1994 til 2000 þegar hann fór aldrei niður fyrir 52.000. Metár var 1997 og var þá fjöldinn samtals 60.480. Ef 45.393 farþegar fara um flugvöllinn á einu ári þýðir það að meðalfjöldi farþega hvern dag er 124 - 62 í hvora átt.



Lögreglan og slökkvilið við Álfina ÍS. Ljósmynd: Hafþór Gunnarsson.

Eldur í báti í Víkinni

Slökkvilið Bolungarvíkur var kallað út á miðvikudag í síðustu viku vegna elds í Álfinni ÍS-553 sem er plastbátur. Báturinn var til viðgerðar á Brjótnum í Bolungarvík. Að sögn Jóns Bjarna Geirssonar varðstjóra í lögreglu í Bolungarvík er ekki talið að um mikinn eld hafi verið að ræða og var báturinn reykræstur. Ekki er vitað um eldsupptök.

Samdráttur í aflu

Í janúar var landað 4.295 tonnum af sjávarfangi í vestfirskum höfnum. Er það um 9 % samdráttur frá því í sama mánuði í fyrra en þá var landað 4.711 tonnum. Botnfiskafli er þó meiri í ár en í fyrra. Af einstökum tegundum má nefna að í ár var landað 2.862 tonnum af þorski en í fyrra var landað 2.542 tonnum. Ýsuafli jókst úr 914 tonnum í 987 tonn og steinbítasafli úr 107 tonnum í 275 tonn. Samdráttur varð hinsvegar í rækjuafli. Í ár var einungis landað 36 tonnum af rækju á höfnum á Vestfjörðum en í fyrra var landað 101 tonni.



Íbúar í Vigur vona að þjónustan og gæði hennar versni ekki í kjölfar útboðs.

Henry Bæringsson átti lægsta tilboð í ferjurekstur á Ísafjarðardjúpi

Íbúar í Vigur vona að þjónustan versni ekki í kjölfar útboðs

Henry Bæringsson á Ísafirði átti lægsta tilboðið í rekstur á ferjuleiðinni frá Ísafirði og í Æðey og Vigur á Ísafjarðardjúpi, það er að annast flutninga á farþegum og vörum með ferju á milli þessara staða en tilboð í verkið voru opnuð í síðustu viku. Tilboðstímabilið er fimm ár með möguleika á framlengingum í tvö ára að samningstíma loknum. Fyrsta ferð skal hefjast þann 1. apríl. Tilboð Henrys var að upphæð 24,5 milljónir króna fyrir þetta fimm ára tímabil. Jónas Helgason í Æðey bauð 29 milljónir króna, Heppinn ehf. á Ísafirði bauð 29,7 milljónir króna, Ferðapjónustan Grunnarvík á Ísafirði bauð 29,9 milljónir króna, Albert Óskarsson á Ísafirði bauð 34,7 milljónir króna og Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. á Ísafirði buðu 37,6 milljónir króna. Kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar var að upphæð 31,9 milljónir króna. Tilboð Henrys var því einungis 76,7% af kostnaðaráætlun en hæsta tilboðið var 17,7% yfir kostnaðaráætlun. Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. á Ísafirði hefur sinnt þessum flutningum á liðnum árum.

Íbúar í Vigur vona að útboð á rekstur ferju á Ísafjarðardjúpi verði ekki til þess að núverandi

þjónusta og gæði hennar versni því ferjan sé lífæð byggðar í eyinni. Hafsteinn Ingólfsson hjá Sjóferðum Hafsteins og Kiddýjar ehf., segist hafa ákveðnar efasemdir um að þeir sem buðu í verkið á dögunum geri sér fyllilega grein fyrir hvað þurfi til þess að sinna þessum rekstri. Athygli vakti hversu mikill munur var á milli bjóðenda og var hæsta tilboðið rúmum 40% hærra en það lægsta og tæpum 18% hærra en kostnaðaráætlun. Sá er hæst bauð í verkið er sá aðili sem haft hefur umræddan rekstur með höndum undanfarin ár, Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf. Það fyrirtækið hóf þann rekstur að loknu útboði er áætlunarsiglingum lauk með Djúpbátum Fagranesi.

Í fyrstu sinni fyrirtækið siglingunum með litlum bát, Blika ÍS, en síðan hafa bátar fyrirtækisins stækkað mjög. Hafsteinn Ingólfsson segir tilboð fyrirtækisins gert í samræmi við reynslu þess af þessum rekstri undanfarin ár. Hann segir þennan þátt í rekstrinum fara vel saman við annan rekstur er fyrirtækið rekur í dag þrjá farþegabáta sem flytja ferðamenn að sumarlagi um Ísafjarðardjúp, Jökulfirði og Hornstrandir. Hann segir það

sína reynslu að flutningar á fólki og vörum í Æðey og Vigur verði ekki leyst með litlum bátum. „Við sinnum þessum siglingum allan ársins hring og okkar reynsla er sú að þetta verður ekki gert með litlum bátum. Því hafa bátar okkar verið að stækka til þess að hægt sé að sinna þessu verkefni með sóma. Ég hef ákveðnar efasemdir um að þeir sem lægst buðu geri sér fyllilega grein fyrir hvað þarf til þess að sinna þessum flutningum og því eru tilboðin jafn lág og raun ber vitni um.“

Aðspurður hvaða afleiðingar það hafi á rekstur fyrirtækisins missi það þennan þátt í rekstrinum segir Hafsteinn of snemma að segja endanlega til um það. „Það segir sig sjálft að detti þessi þáttur út úr rekstrinum þá veikir það aðra starfsemi fyrirtækisins. En tíminn verður að leiða það í ljós hverjar afleiðingarnar verða. Það að bjóða út ákveðin verk segir ekki að sjálfsgætt sé að taka lægsta tilboði. Það er alþekkt. Ég trúi að þegar farið verður yfir tilboðin þá komi í ljós hverjir geti í raun sinnt þeim flutningum sem óskað er eftir í útboðinu þannig að sómi sé að.“

Salvar Baldursson bóndi í Vigur segir að það hafi verið

töluverð viðbrigði þegar Fagranesið hætti siglingum og farið var að veita þjónustu með minni bátum. Hann segir hins vegar að síðan settur var krani á bryggjuna í Vigur og núverandi rekstraraðili stækkaði báta sína hafi gæði þjónustunnar batnað til muna. „Í dag erum við mjög sátt við þjónustuna og gæði hennar.“ Súðavíkurbreppur greiðir hluta kostnaðar við ferjureksturinn þar sem dóttir Salvars, átta ára gömul, fer til skóla í Súðavík á mánudagsmorgni og heim aftur síðdegis á föstudag. Salvar og fjölskylda hans búa nú ein í Vigur en áður bjuggu tvær fjölskyldur í Vigur.

„Þessi ferjurekstur er okkar lífæð og við stöndum og föllum með henni. Þarna er ekki bara um að ræða flutning á vörum heldur er þetta okkar „skólabil“ líka. Það er mjög eðlilegur hlutur að rekstur sem þessi sé boðinn út og eins og ég sagði áðan erum við mjög ánægð með þjónustuna eins og hún er í dag. Því vonum við innilega að útboð verði ekki til þess að þjónustan og gæði hennar minnki.“

Ekki náðist í Henry Bæringsson sem átti lægsta tilboðið í rekstur ferjuleiðarinnar.

– hj@bb.is

Ólafur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar í Bolungarvík

Skipulag læknavakta í Bolungarvík ávallt til skoðunar

Ólafur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar í Bolungarvík segir fyrirkomulag bakvakta lækna í Bolungarvík ávallt til skoðunar. Hann segir samstarf við lækna á Ísafirði hafa gengið mjög vel um áráðir en best væri að læknir á bakvakt væri staðsettur í Bolungarvík. Það sé hinsvegar háð fjárveitingu. Eins og fram hefur komið í fréttum var sjúkrahafið á Ísafirði kölluð til Bolungarvíkur vegna manns er hniگی hafði niður meðvitundarlaus. Í fréttum kom fram að læknir í Bolungarvík hafi verið í helgarleyfi þegar umrætt atvik átti sér stað og því hafi orðið að kalla til lækni frá Ísafirði. Í kjölfarið hafa vaknað væri staðsettur í Bolungarvík. Það sé hinsvegar háð fjárveitingu. Eins og fram hefur komið í fréttum var sjúkrahafið

á Ísafirði um bakvaktir þegar læknir í Bolungarvík fari í helgarleyfi og það samstarf hafi gengið mjög vel. Sinna læknar á Ísafirði því bakvakt frá kl. 17 á föstudegi til kl. 8 að morgni mánudags. Aðspurður hvort ekki sé erfitt að sætta sig við að læknar skuli staðsettir á Ísafirði, sérstaklega yfir vetrartímann, segir Ólafur að reynt sé að haga málum þannig að læknir í Bolungar-

vík fari ekki í helgarleyfi af staðnum ef veðurútlit sé tvískynt. „Þessi mál eru sífellt til skoðunar hjá okkur en fjárhagslegur stakkur okkar er þróngur og við verðum að taka mið af honum. Við munum næstu daga fara gaumgæfilega yfir það atvik sem átti sér stað á sunnudaginn og reyna að draga lærdóm af því“ segir Ólafur Kristjánsson.

– hj@bb.is

Ritstjórnargrein

Hverju svara þeir?

Í október 2003 tók BB heilshugar undir ábendingar Úlfars Ágústssonar, kaupmanns á Ísafirði, þegar hann í viðtali við blaðið færði rök fyrir því að Ísafjarðarbær hlyti að koma sterkur inn sem umskipunarhöfn í þá mynd, sem verið er að draga upp við hugsanlega opnun svokallaðrar norðaustur-siglingaleiðar. Við sögðum: Þingmönnum Vestfirðinga og bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ber að leita allra leiða til að Vestfirðingar komi sterkir til leiks í þessu máli.

Nú hefur fjölmenn nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins, skipuð fulltrúum 3ja ráðuneyta, hagsmunaaðila og fleirum, skilað skýrslu sem ber heitið: „Fyrir stafni haf – Tækifæri tengd siglingum á norðurlöðum.“ Svo ótrúlega sem það hljómar eru Vestfirðir, sem landfræðilega liggja best við siglingaleiðinni, ekki nefndir á nafn. Er undrunarefni þótt Úlfar Ágústsson kalli nýja grein á bb.is. s.l. fimmtudag: „Greinilega beðið eftir að síðasti maðurinn flytji hédan?“ Þar segir Úlfar m.a.: „Mér sýnir niðurstaða hennar (nefndarinnar) staðfesta að í stjórnkerfi okkar sé beðið eftir að síðasti maðurinn flytji hédan, því miður. Ég óskaði á sínum tíma eftir því við samgönguráðherra að hann hlutaðist til um að Vestfirðingur fengi að koma að starfi nefndarinnar eða að kynna möguleika Vestfjarða en því miður fékk ég engar undirtektir. Stjórnmalámennt hér um slóðir virðast ætla að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara þrátt fyrir að sannað sé að við liggjum best allra við þessum flutningum.“ (Leturbr.BB)

Við lestur skýrslunnar fer ekki fram hjá neinum að þarna er verið að takast á um mikla fjármuni. Áætlað er að umskipunarhöfn muni kosta allt að 15 milljarða króna. Er þessir miklu fjármunir skýringin á því að Vestfirðingum var haldið frá nefndarstörfum? Eiga þeir áfram að láta sér nægja molana, sem til falla eftir veislur í öðrum landshlutum?

Nær hálf tveim árum er liðið síðan viðtal BB við Úlfar Ágústsson átti sér stað. Hvað aðhafðist bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í málinu allan þennan tíma? Hvað hafa þingmenn kjördæmisins, með samgönguráðherra í fylkingarþjósti, gert og hver er afstaða þeirra? Hvers vegna daufheyrdist ráðherrann við tilmælum Úlfars Ágústssonar? Vestfirðingar eiga skýlausan rétt á svörum þessara aðila. Og það strax. Okkur gagnast lítið bættrar samgöngur ef atvinnutækifærum fjölgar ekki. Stjórnvöld krefja heimamenn stöðugt um tillögur í atvinnumálum. Hvað gagnast það þegar aldrei er hlustað á þá! Vart er að ætla frekari skýringa af hálfu nefndarinnar. Bæjaryfirvöld Ísafjarðarbæjar og stjórnmalámenntirnir verða hins vegar að gera hreint fyrir sínum dyrum.

Bættar samgöngur og aukin atvinnutækifæri munu sjálfkrafa leiða til fólksfjölgunar. Þetta verður að haldast í hendur. Er ekki hver síðastur að leiðtogar okkar Vestfirðinga á þingi átti sig á þessu? – s.h.

orðrétt af netinu

Reykingabannið – Er verið að framfylgja lögum?

Í síðustu viku lagði fyrverandi umhverfisráðherra fram frumvarp sem felur í sér bann við tóbaksreykingum á veitingahúsum. Ég verð líklegast seint talinn til talsmanna reykinga og væri eflaust fylgjandi algjöru reykingabanni á Íslandi ef ég tryði að boð og bönn yfirvalda leystu allan vanda fólks. Ég tel hollt áður en sett eru ný og strangari lög um tóbaksreykingar að fara yfir nógildandi lög og gaumgæfa hvort þeim sé framfylgt. Ég er á því að þar á sé misbrestur þrátt fyrir að við tóbaksvarnir hafi starfað frábærir hugsjónamenn, s.s. Þorgrímur Þráinsson, og að margir heilbrigðisfulltrúar hafi sýnt þessum málaflokki áhuga. Það verður að segjast eins og er að í starfi sem umhverfisráðherra sýndi Sív Friðleifsdóttir þessum málaflokki afar lítinn áhuga. Það kemur mér því mjög á óvart að Sív Friðleifsdóttir skuli nú leggja mikla áherslu á reykingabannið.

sigurjon.is – Sigurjón Þórðarson

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is

Fréttastjóri: Hálfán Bjarki Hálfánsson, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltaðóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

· Aþbyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftaverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Lárus Mikael Knudsen æfir nú af kappi fyrir stærsta viðburð ársins í hnefaleikum.

Hnefaleikamennirnir Lárus Mikael Knudsen og Högni Þórðarson

Stefna á stærstu hnefaleikakeppni landsins

Tveir hnefaleikamenn frá Ísafirði, Högni Þórðarson og Lárus Mikael Knudsen stefna á að taka þátt í einum stærsta hnefaleikaviðburð á Íslandi á árinu. Þá munu öll hnefaleikafélög innan ÍSÍ tefla fram sínum bestu mönnum á móti liði frá Bretlandi. Keppnin fer fram á Broadway í Reykjavík

18. mars.

„Við erum að æfa af kappi núna en þetta er mjög stór keppni og því mjög spennandi“, segir Lárus. Hnefaleikafélag Ísafjarðar var stofnað á síðasta ári og var haldin fyrsta hnefaleikakeppni á Ísafirði í hálföld í apríl í fyrra. Stefnir var að því að endurtaka leikinn

í ár en svo gæti farið að keppnin á Broadway setji strik í reikninginn. „Keppnin fyrir sunnan er aðeins viku fyrir páska og því gæti verið erfitt að halda hnefaleikakeppni fyrir vestan á þeim tíma sem stefnt var að, en við reynum okkar besta“, segir Lárus. Æfingar eru hafnar af fullum

krafti hjá Hnefaleikafélagi Ísafjarðar sem hefur ráðið til starfa nýjan þjálfara sem er mjög reyndur í sínu fagi og var m.a. aðstoðarþjálfari norska landsliðsins. Nýi þjálfarinn sér um þjálfun eldri flokka en Lárus Mikael Knudsen þjálfar yngri flokka félagsins. – thelma@bb.is

Myndlistarmennirnir Ómar Smári Kristinsson og Nína Ivanova

Gera söguskilti fyrir slóðir Gísla Súrssonar

Myndlistarmennirnir Ómar Smári Kristinsson og Nína Ivanova vinna um þessar mundir að gerð söguskilta fyrir Gísla sögu Súrssonar. „Við vinnum dag og nótt við gerð

söguskilta sem verða sett upp á söguslóðum Gísla Súrssonar. Við vorum fengin til verksins en það er samnorrent áttak í gangi, einhvers konar fortíðarvakning um arfleifð“, segir

Ómar Smári. Um er að ræða 12 skilti sem eru 1 metri x 1,5 metri á stærð. „Ég vona að skiltin verði sett upp í sumar en það verður að koma í ljós. Guðjón Krist-

insson hleðslumeistari mun hlaða í kringum skiltin og líklega skera út skurðgoð til að standa vörð um þau“, segir Ómar Smári. – thelma@bb.is

Kristinn H. opnar heimasíðu

Kristinn H. Gunnarsson þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi hefur opnað heimasíðu á slóðinni www.kristinn.is. Kristinn hefur lengi verið þekktur fyrir að vera óhræddur við að tjá einarða afstöðu í ýmsum málum og kemur ekki á óvart að upphafsorð heimasíðunnar eru m.a. þessi: „Við búum við lýðræðisskipulag og það þrífst ekki nema að menn séu óhræddir við að setja fram skoðanir sínar og færa fyrir þeim rök. Menn verða að vera frjálisir og óþvingaðir í umræðunni.

Þegar menn láta hótanir eða refsiaðgerðir stjórna sér þá er lýðræðið í miklum vanda. Bæði vegna þess og ekki síður hins að þá eru til menn sem beita slíkum aðferðum. Ég vona að allir séu sammála um það að slíkt eigi ekki að líða, ekki undir neinum kringumstæðum. Lýðræðið er ekki sérstaklega til það tryggja ákveðnum skoðunum framgang, heldur til þess að tryggja að allar skoðanir geti koma fram og skipulag sem mælir fyrir um aðferðir til að komast að niðurstöðu. Ef það er samkomulag um



Forsíða heimasíðunnar.

aðferðina þá er líklegt að menn uni niðurstöðunni, þótt ósammála séu. Lýðræðislegt skipulag er ekki varanlegt í sjálfu sér, held-

ur verður stöðugt að rækta þau gildi sem það hvílir á. Lítil heimasíða eins manns er lítið framlag til þess, en framlag samt.“

Kristján Haraldsson, framkvæmdastjóri Orkubús Vestfjarða hf.

„Samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna frá 2001 verði haldið til haga“

Á fimmtudag var tilkynnt að stefnt væri að sameiningu Orkubús Vestfjarða, RARIK og Landsvirkjunar frá og með næstu áramótum. Kristján Haraldsson, orkubússtjóri segir að á þessari stundu sé ekki vitað hvaða starfsþættir hins nýja sameinaða orkufyrirtækis verði á Vestfjörðum né hvernig sameiningu fyrirtækjanna verði háttað. Hann segir að mikilvægt sé að undirbúningur að sameiningu fyrirtækjanna gangi vel og greiðlega fyrir sig og að stjórnendur Orkubús Vestfjarða muni stuðla að því fyrir sitt leyti.

Sem kunnugt er hafa miklar umræður farið fram á síðustu árum á Vestfjörðum um hugsanlega sameiningu Orkubúsins við önnur orkufyrirtæki og þá sérstaklega hvaða afleið-

ingar slík sameining gæti haft á þau störf sem nú eru hjá Orkubú Vestfjarða. Hefur verið vísað til þess að við hugsanlega sameiningu gætu tapast frá Vestfjörðum fjöldi starfa. Í desember komst hugsanlega sameining í umræðuna og fóru þá formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar og bæjarstjóri til fundar við fjóra ráðherra ríkisstjórnarinnar um hugsanlega sameiningu orkufyrirtækjanna.

Frá þeim fundi sagði svo hér í blaðinu: Guðni Geir (Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, innsk. blm) segir fundinn hafa verið mjög jákvæðan. „Ráðherrarnir staðfestu að hugmyndir væru uppi um sameiningu orkufyrirtækja en ekkert væri ákveðið í þeim efnunum þar sem viðræður um

þá hluti lögju niðri sem stendur. Þeir gáfu hinsvegar mjög ákveðin loforð um að við þyrftum ekkert að óttast ef til sameiningar kæmi. Þvert á móti gæfi hugsanleg sameining ákveðin sóknarfæri fyrir okkur og möguleika á að starfsemi hins nýja fyrirtækis yrði eflað hér fyrir vestan. „Aðspurður með hvaða hætti sú efling færi fram sagði Guðni að það hefði ekki komið fram á fundinum.

„Slíkt var ekki rætt á fundinum enda ekki ljóst hvort og þá hvenær af þessari sameiningu verður.“ Nú hafa mörg loforð verið gefin í kringum sameiningu fyrirtækja í gegnum tíðina sem stjórnendum sameinaðra fyrirtækja hefur reynst erfitt að standa við. Aðspurður hvort þau loforð sem gefin voru í gær vegi eitt-



Kristján Haraldsson, orkubússtjóri.

hvað þyngra en önnur loforð sem gefin hafa verið í tengslum við sameiningu fyrirtækja segir Guðni að ráðherrarnir hefðu verið mjög samstíga og hann sæi ekki ástæðu til annars en að treysta loforðum þessara

fjögunna ráðherra.

Kristján segir að fyrir liggi samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga á Vestfjörðum sem gert var 7. febrúar 2001 þegar Orkubúinu var breytt í hlutafélag. Í 8. grein þess samkomulags segir: „Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur hlutafélag, þó eigi fyrir en á árinu 2008 og að með því séu sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum. Sameigendur eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.“

Kristján segir mikilvægt að þessu ákvæði verði haldið til

haga þegar að undirbúningsvinnu við sameiningu fyrirtækjanna kemur og segist vonast til þess að starfsmenn Orkubúsins komi að þeirri vinnu. Gert er ráð fyrir að hið nýja fyrirtæki verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrir en á árinu 2008 og að með því séu sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu. Aðspurður hvort að loforð ríkisins um starfsemi fyrirtækisins geti því gilt lengur en til 2008 segir Kristján það að sjálfsögðu vera eiganda á hverjum tíma að marka því stefnu í starfsemi sinni.

Af framansögðu má ráða að á næstu vikum reyni á áður nefnt samkomulag frá árinu 2001 og þau loforð sem gefin hafa verið um hugsanlega sameiningu. – *hj@bb.is*



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða hf., á Ísafirði.

Forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar

Óska ráðherrafundar vegna sameiningar orkufyrirtækja

Forsvarsmenn Ísafjarðarbæjar hafa óskað eftir fundi með fjórum ráðherrum ríkisstjórnarinnar vegna fyrirhugaðrar sameiningar orkufyrirtækja. Þar verður óskað svara við því með hvaða hætti efnid verða þau loforð ráðherranna um að við hugsanlega sameiningu orkufyrirtækja myndi störfum á Vestfjörðum fjölga en ekki fækka. Eins og kemur fram í frétt hér á síðunni fóru þeir Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Guðni Geir Jóhannesson formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á fund forsætisráðherra, iðnaðarráðherra, fjár-

málaráðherra og samgönguráðherra í desember. Í kjölfar þess fundar segði Guðni Geir að ráðherrarnir hefðu gefið ákveðin loforð um að ekkert þyrfti að óttast við hugsanlega sameiningu. Þvert á móti yrði starfsemi hins nýja fyrirtækis eflað hér fyrir vestan. Guðni Geir sagði jafnframt að ekki hefði verið rætt á fundinum með hvaða hætti sú efling ætti að fara fram.

Halldór Halldórsson segir að nú þegar hafi verið óskað eftir fundi með sömu fjórum ráðherrum og fundað var með í desember. „Nú er nokkuð ljóst að af umræddri samein-

ingu verður. Þær fréttir skapa að sjálfsögðu mikla óvissu hjá fjölda starfsmanna Orkubúsins. Á fundinum í desember var okkur lofað að störfum hér myndi ekki fækka heldur fjölga í kjölfar sameiningar. Því munum við nú óska eftir ákveðnum svörum með hvaða hætti sú fjölgun verður því það er nauðsynlegt að slá nú þegar á þá óvissu sem ríkt hefur um starfsemi Orkubúsins hér um langt skeið ekki síst hjá starfsmönnum þess.“

Á undanförunum mánuðum hafa tvær þungavigtarnefndir ályktað um starfsemi orkufyrirtækja á Vestfjörðum. Önnur

var svokölluð Norðvesturnefnd á vegum formanns Framsóknarflokksins, Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra og hin verkefnisstjórn um byggðaaætlun sem skipuð var af Valgerði Sverrisdóttur iðnaðarráðherra og ráðherra byggðamála. Báðar lögðu nefndirnar til að sameina bæri Orkubú Vestfjarða við starfsemi RARIK í NV-kjördæmi með höfuðstöðvar á Ísafirði. Að óbreyttu má því ráða að mikill pólitískur vilji sé til eflingar starfsemi orkufyrirtækja á Vestfjörðum. – *hj@bb.is*

Mugison á Hróarskelduhátíðinni í ár

Mugison hefur boðað komu sína á Hróarskelduhátíðina í Danmörku í sumar. Tónlist Mugison er lýst á vef hátíðarinnar sem spuna og tilraunum úr samsuðu af hljómoreiðu og ljúfu rokki. Einnig hefur goðsögnin, og fyrrverandi forsprakki hljómsveitarinnar Beach Boys, Brian Wilson boðað komu sína á hátíðina. Þrjú nöfn frá Skandinavíu hafa einnig bæst við listann og er það hinn sænski Dungen, pönkhljómsveitin Skambankt frá Noregi og blúsrókkarinn Björn Berge.



Mugison verður á Hróarskeldu í sumar.

Áður höfðu hljómsveitir á borð við Black Sabbath og Green day skráð sig til leiks. – *thelma@bb.is*



Eins og sjá má náði ökumaðurinn að stýra rútunni af veginum og koma í veg fyrir veltu. Ljósmynd: Baldur Smári Einarsson.

Rúta fauk út veginum til Bolungarvíkur

Betur fór en á horfðist þegar stór rúta fékk á sig mikla vindhviðu á Söndunum skammt frá Bolungarvík á föstudag. Mikill hálka var á veginum en ökumanni rúttunnar tókst að stýra henni út af veginum og

koma þannig í veg fyrir veltu. Engir farþegar voru í rútunni sem var á leið til Bolungarvíkur að sækja grunnskólabörn sem voru á leið í skíðaferð til Ísafjarðar. Ökumanni rúttunnar sakaði ekki. – *hj@bb.is*

Suðureyri var paradís minnar barnsku

Íðunn Antonsdóttir fluttist til Ísafjarðar þegar hún var ráðin grunnskólafulltrúi á Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar. Áður bjó hún á Kópaskeri þar sem hún sinni mörgum störfum sem viðkoma skóla- og félagsmálum og á mikla reynslu að baki. Íðunn á rætur sínar að rekja til Vestfjarða og á þar mikið af skyldfólki. Bæjarins besta ræddi við þessa fjölhæfu og reyndu konu um starfið hennar nú og áður, fjölskylduna, Vestfirði og fleira.

– Nú kemur þú frá Kópaskeri, bjóstu lengi þar?

„Þegar ég flutti til Kópaskers ætlaði ég aðeins að vera þar í tvö ár. Dvölin varð nú heldur lengri og ég var þar í 30 ár, að undanskildum tveimur vetrum þegar ég kenndi við Húsabakkaskóla í Svarfaðardal. Hann er sveitaskóli og mér mjög kær. Honum er reyndar stýrt af Ísafirðingi, Ingileifu Ástvaldsdóttur, og þar er sérstakt og gott andrúmsloft.“

Ég hef starfað við skóla og skólamála mjög lengi, ég segi stundum að ég hafi unnið öll störf í skóla önnur en að vera skólalálfstjóri. Skólar hafa verið mitt starfsumhverfi og ég kann því ákaflega vel. Samhliða þessu hef ég sinnt ýmsum félagsmálum og var lengi hreppstjóri í Óxarfjarðarhreppi og hef setið í sveitarstjórn.

Árið 1999 breytti ég svoltið um stíl og fór að vinna að uppbyggingu fræðslumiðstöðvar fyrir fullorðna. Þá var hreyfing í þeim efnum um allt land og sett á stofn um það bil ein fræðslumiðstöð í hverju kjördæmi. Ég undirbjó stofnun Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga og tók svo við sem framkvæmdastjóri. Ég sagði upp störfum þar síðastliðið sumar en þá var ég búin að vera í mastersnámi í stjórnun við Háskólann á Akureyri og var ákveðin í að láta þennan vetur sem nú stendur yfir vera frekar léttan. Ég hafði hugsað mér að vera í 30% starfi hjá

eyri á sumrin. Þar leið mér afar vel, þetta var paradís minnar barnsku. Það er alltaf söl í Súgandafirði í minningunni.“

Ísafjarðarbær ein stór fjölskylda

– Hvað felst í starfi þínu?

„Ég kom að þessu starfi nýju og ómótuðu, hér hafði ekki áður verið grunnskólafulltrúi. Fyrirhugað er að ég vinni m.a. að hvers konar þróunarverkefnum með skólunum. Ég stend vörð um lagalegar skyldur sveitarfélagsins gagnvart skólunum og nemendum þeirra. Einnig veiti ég kennsluráðgjöf bæði fyrir hópa og einstaklinga og sinni ótal fleiri verkum. Ég er þátttakandi í uppbyggingu skóla- og fjölskyldustefnu Ísafjarðarbæjar og hef fengið að vinna með fjölmörgu hæfu fólki sem kemur að starfi grunnskólanna og leikskólanna, auk annarra skóla, svo sem Menntaskólans og Tónlistarskólans.“

– Hvað felst í fjölskyldustefnunni?

„Þar er skilgreint hvernig Ísafjarðarbær vill starfa í þessum stóra málaflokki sem mál-efni fjölskyldunnar eru. Það er margt sem tengist fjölskyldumálum, t.d. íþróttamál og tómstundamál. Við þessa vinnu höfum við lagt áherslu á að setja fram markmið með þeim fjölmörgu hópum sem koma að þessu. Það er ekki nóg að segja bara hvað við viljum gera, heldur einnig hvernig, hver á að gera

hvað og hvenær því á að vera lokið. Markmiðin hafa ekki gildi nema hægt sé að taka plaggð út eftir tiltekinn tíma og sjá hvaða markmið við höfðum sett okkur og hvaða markmiðum höfðum náð.“

– Byggist starfið þá mikið á samvinnu?

„Það gerir það, enda er eðli fjölskyldumála að þau byggjast á því að leysa saman mál og eiga sameiginleg markmið. Ef maður vill vera háfleygur, þá er Ísafjarðarbær ein stór fjölskylda.“

Ísafjörður, Kópasker, Kína

„Flestum fannst það skrítn ákvörðun að flytja til Ísafjarðar en ég sé bara ekkert skrítið við það. Að sjálfsögðu saknar maður margs frá Kópaskeri enda væri það afar undarlegt að fara frá stað eftir 30 ára búsetu og sakna einskis. Þar áttum við hjónin mjög góð ár og ólum upp börnin okkar fjögur. Þau eru nú á aldrinum 23-32 ára. Þrjú þau elstu eru búsett hinum megin á hnettinum. Tvær dætur mínar búa í Hong Kong og einu barna-börnin mín. Sonur minn og tengdadóttir eru við nám

í Melbourne í Ástralíu. Yngsta barnið er að fara til náms í Danmörku og það finnst okkur vera stutt miðað við hvar hin börnin búa. Önnur dóttir mín sem býr úti í Hong Kong rekur þar einkarekna ljósmæðrastofu.“

Það má nú til gamans segja frá því, að þegar ég var rétt búin að taka ákvörðun um að taka starfinu hér á Ísafirði, þá hringdi Guðrún Anna Finnbogadóttir í mig. Ég hafði kynnst henni áður í gegnum fræðslumiðstöðvarstarfið og hélt að hún væri að hringja til að bjóða mig velkomna vestur. Mér fannst það mjög huggulegt af henni, en þá var erindið að íslensk kona hafði veikt eftir barnsburð í Kína og verið var að flytja hana til Hong Kong. Guðrún Anna var að biðja um að dóttir mín tæki á móti henni þar. Það eru til ýmsir tengingarþræðir og mér fannst það skondið að hringt væri frá Ísafirði til Kópaskers til að bjarga málum í Kína.

Áður en koma mín til Ísafjarðar réðist hafði dóttir okkar boðið okkur til Hong Kong og við fórum þangað núna í febrúar og dveljum í mánuði. Starfsins vegna hefði verið betra ef það hefði verið seinna, en miðarnir hefðu eyðilagst ef við hefðum ekki notað þá fyrir ákveðinn tíma. Ég skil líka starfið eftir í góðum farvegi og í góðum höndum.

Það var nú alltaf meiningin að þessi ferð mín yrði einnig námsferð. Ég fæ að fara í skólann sem barnabörnin mín sækja og fæ að fylgjast með skólastjóranum og aðstoðarskólastjóranum í þrjú daga. Þetta verður innlegg í mastersritgerðina mína. Þetta er breskur skóli og nemendur eru af 35 mismunandi þjóðernum. Kennslan fer fram á ensku en börnin læra reyndar mandarín-kínversku sem annað mál. Til að komast inn í skólann þurftu þau, þá fjögurra ára, að taka inntökuþróf í félagsfærni og ensku. Það

verður spennandi að fá nasa-sjón af því hvort og þá hvaða áhrif menningarlegt umhverfi hafi á það hvernig skólum er stýrt og hvernig þar er unnið.“

Átakatímar hjá fræðslumiðstöðvum

– Nú varst þú að vinna að uppbyggingu Fræðslumiðstöðvar Þingeyinga. Hefur þú haft tækifæri til að kynna þér starf Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða?

„Já, mér líst mjög vel á það. Nú eru átakatímar þar eins og hjá öðrum fræðslumiðstöðvum. Þegar við lögðum upp með starfið 1999-2000, þá var Björn Bjarnason þáverandi menntamálaráðherra spurður hver starfsemi fræðslumiðstöðvanna ætti að vera og hvernig hann sæi fyrir sér framtíð þeirra. Hann svaraði að við yrðum bara að sjá til. Á því var keyrt og þessar miðstöðvar byggðust upp á störfum örfára einstaklinga. Við vorum átta í fyrstu og ég kynntist starfinu vel. Ég var í stjórn Kvasis, samtaka fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, fyrstu þrjú árin sem þau voru til. Mig minnir reyndar að Smári Haraldsson hér á Ísafirði hafi tekið við formennsku af mér. Ég þekki hann því vel, svo og Jóhannu Kristjánsdóttur sem var forveri hans í starfi. Hún er einmitt í frændgarði mínum hér fyrir vestan.“

– Sérðu fyrir þér að vera áfram á Ísafirði eða er þetta tímabundið?

„Ég gerði nú grín að því að ég ákvað að koma ekki fyrir minni tíma en tvö ár, því að sama tímaviðmið hafði ég um flutninginn til Kópaskers á sínum tíma. Miðað við árin mín tvö þar gætu Ísafjarðarín orðið þrjátíu“, segir Íðunn og hlær. „Ég sé bara til. Ég kann mjög vel við mig hér á Ísafirði og líki því við að komast í konfektakassa að hafa þetta einstaka starfsumhverfi, að koma í svona góðan hóp þar sem fólkið vinnur vel saman og veitir hvert öðru mikinn stuðning, því oft er verið að vinna með erfið mál. Mér finnst það óskaplega gefandi að vinna með þessum hópi fagfólks. Það er mesti munurinn fyrir mig, því að þegar ég vann við Fræðslumiðstöð Þingeyinga var ég eini starfsmaðurinn lengst af. Þó ég væri í samstarfi við annað fólk, þá var ég það





sem einyrki.

Maðurinn minn er að ljúka sínum störfum en hann hefur verið framkvæmdastjóri Fjallalamb og hefur stýrt því frá upphafi. Þetta eru því miklir áfangar í okkar lífi. Hann á eftir að koma og máta sig við fjöllin. Yngsta dóttir mín kom í heimsókn og fékk að kynna hvernig vestfirskar samgöngur geta verið. Við förum í heimsókn til Súganda-fjarðar og þá fór vegurinn í sundur og við komumst ekki til baka. Hún fór svo í heimsókn til skólasystur sinnar úr menntaskóla í Bolungarvík og þá varð Óshlíðin ófær.

Það er ærið verk fyrir hendi og ég er að fóta mig í þessu nýja starfi. Ég hef lagt mig í líma að fara út til skólanna og vera ekki bara gróin föst á skrifstofunni. Ég kem úr umhverfi smærri skóla og þeir hafa verið minn starfsvettvangur fyrst og fremst. Allir skólarnir hér eiga það sammerkt að það er afar gott að koma þangað. Alls staðar er metnaðarfullt starfsfólk og börnin hvert öðru yndislegra.“

– Sérðu mikinn mun á skólunum sem þú ert vön að starfa við og skólunum í Ísafjarðarbæ?

„Það er margt sem þeir eiga sameiginlegt en ég sé líka öðruvísi áherslur. Mér finnst almennt að þeir skólar sem byggja starf sitt á virðingu fyrir börnum og ánægju af því að starfa með börnum á faglegan hátt séu að gera góða hluti – hvort sem það birtist í háum einkunnum, vellíðan eða kraftmiklu íþrótt- eða tómstundastarfi. Það er vandi og kúnt að vera með svo marga mismunandi skóla í einu sveitarfélagi. Mér finnst nauðsynlegt að endurskoða skólastarfið með reglulegu millibili með tilliti til þess hvort verið sé að ná sem bestum árangri, fagmannlega og félagslega. Mér finnst vera mikill vilji hér á svæðinu að vinna vel að sameiginlegum verkefnum skólanna. Ég vona að með tilkomu míns starf muni það aukast frekar en hitt“, segir Íðunn Antonsdóttir, grunnskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar.

Við óskum henni góðs gengis í starfinu. Vafalaust á það eftir að vera sveitarfélaginu til góðs að fá svo þrautreynda manneskju til að vinna að málefnum skólanna.

– thelma@bb.is

Vel heppnað þorrablót hjá Sléttuhreppingum

Um 200 manns voru á þorrablótí Áttahagafélags Sléttuhreppinga fór fram í félagsheimilinu í Hnífsdal á laugardagskvöld. „Kvöldið heppnaðist vel í alla staði, það var góð stemning í salnum og fólk virtist mjög ánægt“, segir Lína Björg Tryggvadóttir, skemmtinefndarmaður. Veislustjórn var í öruggum höndum Snorra Hermannssonar sem reytti af sér brandarana og boðið var upp á fjölmörg heimatilbúin skemmtiatriði sem vöktu mikla lukku hjá áhorfendum. Sléttuhreppingakórinn flutti nokkur lög auk þess sem sungið var undir börðum. Að dagskrá lokinni var dansað fram á nótt við undirleik dúettsins Þórunnar og Halla. Þorsteinn J. Tómasson kom við á blótinu og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir frá blótinu birtast á svipmyndum á bb.is í vikunni. – thelma@bb.is



Skýrsla utanríkisráðherra um hugsanlegar siglingar í norðurhöfum

Vestfirðir ekki nefndir á nafn

Ekki er minnst á möguleika Vestfjarða í nýrri skýrslu um hugsanlegar siglingar í norðurhöfum heldur aðeins rætt um möguleika Eyjafjarðar, Austurlands og Hvalfjarðar. Áætlað er að bygging umskipunarhafnar á Íslandi kosti rúma fimmtán milljarða króna. Starfshópur sem utanríkisráðherra skipaði á síðasta ári um möguleika á siglingum á norðurslóðum hefur lokið störfum og gefið út skýrslu sem ber heitið „Fyrir stafni haf- Tækifæri tengd siglingum á norðurslóðum“. Í skýrslunni er fjallað um horfur á auknum skipaflutningum á norðurslóðum, m.a. meðfram Íslandsströndum, og áhrif þeirra á íslenskt atvinnulíf og umhverfi.

Sem kunnugt er var skipan nefndarinnar nokkuð redd á

hér í blaðinu og á bb.is á sínum tíma og einnig möguleikar þeir sem í þessum siglingum felast. Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði hefur um árabíl verið mikill áhugamaður um þessar siglingar og talið í þeim fælust miklir möguleikar fyrir byggingu á Vestfjörðum.

Í inngangi skýrslunnar er gerð grein fyrir mikilvægi siglinga á norðurslóðum fyrir íslensku þjóðina. Sérstakir kaflar eru helgaðir Norður-Íshafshafsfarir milli Kyrrahafs og Norður-Atlantshafs, veðri, hafis og loftslagsbreytingum á Norður-Íshafi, sjóflutningum milli Norður-Atlantshafs og Norður-Kyrrahafs, miðlægum umskipunarhöfnum, umhverfisáhrifum sjóflutninga og umhverfisáhrifum umskipunarhafnar á Íslandi. Í nið-

urlagi eru síðan dregnar saman helstu niðurstöður. Í skýrslunni eru ekki settar fram beinar tillögur um viðbrögð stjórnvalda við efni skýrslunnar, en lýst von um að skýrslan geti rutt braut fyrir viðtækri umræðu.

Þrátt fyrir að Vestfirðir liggja að mörgu leyti vel landfræðilega við siglingum úr norðurhöfum er ekki minnst einu orði á Vestfirði í umræddri skýrslu. Í henni segir hinsvegar m.a.: Landfræðilega liggur Ísland vel við úthafssleiðum á Norður-Atlantshaf i. Góð náttúruleg skilyrði eru fyrir stórskipahafnir í djúpum fjörðum á Austurlandi, í Eyjafirði og í Hvalfirði og eru sum hafnarstæðin með þeim betri sem völ er á við norðanvert Atlantshaf. Mikil dýpi er í þessum fjörðum, sem nægir fyrir stærstu skip, svo að ekki þarf að fara út í dýrar djúpkunarframkvæmdir. Úthafsalda og löng sog eru innan ásættanlegra marka inni í fjörðunum, svo að ekki þarf að byggja hafnarгарða. Firðirnir eru breiðir og

gott snúningsrými fyrir stórskip. Landrými er fyrir nokkur hundruð hektara gámvöll í Eyjafirði, Hvalfirði og í fjörðum á Austurlandi. Alls staðar er nóg er af fersku vatni og greiður aðgangur að rafmagni.“

Um kostnað við gerð slíkrar hafnar segir m.a. í skýrslunni: „Heildarkostnað vegna byggingar umskipunarhafnar er hægt að áætla á grundvelli reynslunnar af hafnargerð við Ísland. Taka þarf mið af ýmsum náttúrulegum aðstæðum á viðkomandi hafnarstæðum og er kostnaður mismunandi eftir stöðum. Meta verður kostnað við að fjarlægja jarðvegsefni í sjó framan við bryggju og smíða viðlegukant og kostnað við gerð gámvallar og frágang hans ásamt vegasambandi og tilheyrandi mann-virkjum á hafnarstæði. Eftirfarandi er dæmi um hugsanlegan byggingarkostnað tveggja milljóna gáma umskipunarhafnar á eyrum við íslenskan fjörð. Kostnaður vegna gámakrana og annars

tækjabúnaðar er ekki innifalinn, né heldur kostnaður vegna húsbýgginga á hafnarstæðinu. Sá kostnaður er svipaður um alla Evrópu og hefur því ekki áhrif á samkeppnisstöðu hafnarstæða á Íslandi. Miðað er við að eitt 450 metra langt djúprist gámaskip og tvö 300 metra löng skip gætu legið samtímis við bryggju. Viðlegukantur yrði alls 1160 metrar, þar af yrði 500 metra bryggja með allt að 23 metra aðdýpi, en 14,3 metra aðdýpi á 660 metra kafla. Lauslega áætlað kynni kostnaður við slíka bryggju með tilheyrandi kranasporum að nema u.þ.b. fjórum milljörðum króna, sé náttúrulegt dýpi inn í höfnina, svo að ekki þurfi að dýpka hana sérstaklega.

Áætlaður kostnaður við gámvöll með burðarlagi, lögnum, lýsingu og malbiki næmi um 11000 krónum á hvern fermetra á núverandi verðlagi, þ.e. um 11 milljörðum króna fyrir 100 hektara gámvöll. Samanlagður kostnaður vegna byggingar bryggju

og gámvallar fyrir tveggja milljóna gámaeininga umskipunarhöfn gæti þannig numið um 15 milljörðum króna að viðbættu kaupverði á landi og fleiri kostnaðarþáttum sem getið var um hér að framan. Þetta er mun lægri kostnaður en bygging sambærilegra hafna annarstaðar við Norður-Atlantshaf, þar sem náttúruleg hafnarstæði eru ekki eins góð og mikill kostnaður fer í djúpkun bæði hafnar og aðsiglingar. Hafnir hafa verið gerðar í flestum göðum hafnarstæðum við Atlantshaf og er landverð þar hátt.“

Ekki náðist í formann nefndarinnar, Gunnar Pálsson sendiherra, þar sem hann var staddur erlendis. Í nefndinni áttu sæti auk Gunnars fulltrúar samgönguráðuneytis, umhverfisráðuneytis, utanríkisráðuneytis, Eimskips, Samskipa, Veðurstofu Íslands, Skipulags-, arkitekta- og verkfræðistofunnar ehf, Siglingastofunnar og Háskólans á Akureyri.

– hj@bb.is



ÍSAFJARÐARBÆR

MENNINGARMÁLANEFND ÍSAFJARÐARBÆJAR – STYRKVEITINGAR 2005

Menningarmálanefnd Ísafjardarbæjar auglýsir til umsóknar styrki nefndarinnar á árinu 2005. Allir þeir er starfa að lista- og/eða menningarmálum í Ísafjardarbæ (einstaklingar, félagasamtök eða stofnanir) eiga möguleika á styrkveitinu samkvæmt nánari ákvörðun nefndarinnar.

Umsóknarfrestur er til **21. mars nk.** Umsóknum ber að skila skriflega á skrifstofu Ísafjardarbæjar að Hafnarstræti 1 á Ísafirði, merkt: Menningarmálanefnd, styrkveitingar 2005.

Formaður menningarmálanefndar.

Úlfar Ágústsson, kaupmaður og áhugamaður um siglingar á norðurslóð

„Greinilega beðið eftir að síðasti maðurinn flytji héðan“

Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði og áhugamaður um siglingar á norðurslóð segir Vestfirði liggja beinast við siglingum skipa af norðurslóð til Ameríku og hagkvæmast verði að byggja umskipunarhöfn slíkra flutninga á Vestfjörðum. Hann segist hafa ósk að eftir því við samgönguráð-

herra að hann hlutaðist til um að Vestfirðingar fengju að koma að starfi nefndar utanríkisráðuneytisins um siglingar á norðurslóðum en ekki fengið neinar undirtektir. Úlfar segir ljóst af vinnu nefndarinnar að í stjórnkerfinu sé beðið eftir því að síðasti Vestfirðingurinn flytji burt.

Eins og kemur fram í frétt hér í blaðinu hefur nefnd á vegum utanríkisráðuneytisins um siglingar á norðurslóðum af lokið störfum sínum. Í skýrslu nefndarinnar er getið þriggja staða sem til greina koma sem umskipunarhafnir fyrir siglingar um norðurslóð þ.e. Austfirðir, Eyjafjörður og Hval-

fjörður. Ekki er minnst á Vestfirði í skýrslu nefndarinnar þrátt fyrir að þeir liggja landfræðilega vel við siglingum af norðurslóð og til Ameríku. Samkvæmt korti í skýrslu nefndarinnar þurfa skip á þeirri siglingaleið að taka á sig verulegan krók til þess að sigla til Eyjafjarðar og Hvalfjarðar og

● Sælkeri vikunnar · Berglind Árnadóttir á Ísafirði

Kjúklingasalat með mangókarrý sósu

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á ferskt og matarmikið kjúklingasalat sem hún mælir með að borið sé fram með mangókarrýsósu og ristudu brauði. Þá segir hún að gott sé að rista furuhnetur og bæta í salatið. Einnig býður Berghildur upp á gómsæta blautu súkkulaðiköku sem er bókstaflega bráðnar upp í munnum.

Kjúklingasalat með mangókarrýsósu

4 kjúklingabringur kryddaðar með kjúklingakryddi frá pottagöldrum og þær bakaðar í ofni þar til þær eru vel bakaðar við 180°C

Blandað salat (fæst tilbúið

í pokum)
smá lambhagasalat og spínat
1/2 gúrka
1/2 dós ananasbitar
1/2 dós gular baunir
1/2 blaðlaukur, saxaður eða rauðlaukur
1 rauð paprika, skorin í bita
1/2 krukka fetaostur í kryddlegi

Skerið bringurnar í litla bita og setjið í skál ásamt salatinu. Skerið gúrkuna í bita og látið renna af ananasbitunum og maísnum og blandið út í salatið. Bætið öllu öðru saman við og geymið salatið í kæli fram að framreiðslu.

Mangókarrýsósa:

2 msk mango chutney

1 tsk karrý
2 tsk sojasósa
1 msk majones
2 dl sýrður rjómi (10%)

Blandið saman og geymið í kæli.

Blaut súkkulaðikaka

300 gr suðusúkkulaði
200 gr smör
4 stk egg
2 dl flórsykur
1/2 tsk lyftiduft
smá salt

Bræðið saman súkkulaði og smjör við lagan hita. Þeytið saman egg og flórsykur þar til blandan verður létt og ljós. Hrærið súkkulaðiþöndunni varlega saman við og því næst



þurrefnunum. Bakið í springformi, smyrjið vel og gott er að setja bökunarappír í botnin á því. Bakið í 30 mínútur í miðjum ofni við 180°C án blásturs en 160° ef blástur er notaður. Látið kólna aðeins í

forminu.

Krem

100 gr suðusúkkulaði
1 msk smjör
Bræðið saman og smurt á kalda kökuna. Skreytið með

bláberjum og jarðarberjum og berið fram með ís eða þeyttum rjóma.

Ég skora á Önnu Kristínu Svansdóttur á Ísafirði að vera næsti sælkeri vikunnar.



mun lengri krókur er til Austfjarða.

Úlfar Ágústsson kaupmaður á Ísafirði hefur um árabil verið mikill áhugamaður um þessa siglingaleið og möguleika Vestfirðinga í tengslum við þá. Hann segir skýrsluna staðfesta hversu gríðarlegir möguleikar felist í þessum siglingum. „Það er ljóst að möguleikar í kringum þessar siglingar geta skipt sköpum fyrir byggð hér um slóðir ef menn hafa áhuga á því. Við liggjum best allra við flutningum til Ameríku. Því miður virðist nefndin ekki telja rétt að horfa á Vestfirði sem möguleika. Mér sýnist niðurstaða hennar staðfesta að í stjórnerfi okkar



Úlfar Ágústsson.

se beðið eftir að síðasti maðurinn flytji héðan, því miður. Ég óskaði á sínum tíma eftir því við samgönguráðherra að hann hlutaðist til um að Vestfirðingur fengi að koma að starfi

nefndarinnar eða að kynna möguleika Vestfjarða en því miður fékk ég engar undirtektir. Stjórnmalálemn hér um slóðir virðast ætlað að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara þrátt fyrir að sanna sé að við liggjum best allra við þessum flutningum. Hér gátu beinhardir peningalegir hagsmunir ráðið því að við yrðum fyrir valinu en greinilega er ekki áhugi fyrir því að koma þeim möguleikum á framfæri.“

Í skýrslunni kemur fram að byggingarkostnaður umskipunarhafnar fyrir þá flutninga sem rætt er um í skýrslunni sé um 15 milljarðar króna auk kostnaðar við kaup á landi.

– hj/ab.is

Góublót Súgfirðinga

Góublót Súgfirðinga var haldið á laugardagkvöld og var fyrir nokkru uppselt. Sem kunnugt er skiptast karlar og konur í Súgandafirði á að halda hin árlegu blót. Konur bjóða körlum til þorablóts og karlar bjóða konum til Góublóts eins og nú var raunin. Að vanda voru skemmtiatriði mjög fjölbreytt og var stiklað á því helsta sem gerðist á síðasta ári og var fátt af því alvörugefið. Í skemmtiatriðunum kom skýrt fram æskubröttur og hreysti súgfirskra sveina í dag. Að skemmtiatriðum loknum stigi þau Margrét og Baldur á svið og léku fyrir dansi fram eftir nóttu. Eru karla nú þegar farnir að bjóða spennir eftir skemmtiatriðum kvenna á næsta ári. Páll Öundurson lét sig ekki vanta á blótið og tók þar meðfylgjandi myndir. Fleiri myndir frá blótinu munu birtast í svipmyndum á bb.is.



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1, Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: olgur@tg.is
Heimasíða: www.tg.is

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Einbýlishús

Bakkavegur 4b: 100 m² lítið einbýlishús, að hluta uppog ásamt nýri viðbyggingu. Verð 3,5 mkr

4-6 herbergja íbúðir:

Mánagata 2: 148 m² íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi ásamt 23,7 m² nýrri viðbyggingu. Verð 7,9 mkr.

Silfurgata 6: Fimm herbergja íbúð á 2.h. ásamt geymslu í kjallara samtals 212 m². Verð 8,2 mkr.

Íbúðir:

Sólgata 8: 68 m² íbúð á neðri hæð í þrjúbýlishúsi. Áhr. ca. 3,2 m.kr. Verð 5,3 m.kr.

Smíðjagata 7: 96,1 m² ára herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 6,4 m.kr.

Silfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfplötur, mikið rými í risi) Áhr. ca. 3,4 m.kr. Verð 5,8 m.kr.

Þja herbergja íbúðir:

Urðarvegur 78: 77 m² stór íbúð á 3.h. í miðja ásamt geymslu. Gótt útsýni yfir bæinn. Verð 6,1 m.kr.

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð 4 m.kr.

Hlíf 2, Torfnesi: 50,4 m² þja herb. íbúð á 4.hæð á Dvalarheimili adraðr. Verð 6,3 m.kr.

Hjallastueti 38: 113,9 m² einbýlishús í einni hæð ásamt 59,2 m² bílskúr. Verð 8,5 m.kr.

Stigahlíð 4: 54 m² þja herbergja íbúð í kjallara í fjölbýlishúsi. Íbúðin er í góðu standi. Tilboð óskast

Árbæjarkantur 3: 1003 m² stórt atvinnuhúsnæði, með ciginnni getur fylgt vönduð fiskflokkanarvæ. Verð 20 m.kr.

Sumarbústaðir:

Sumarbústaður til flutnings: 46,4m² sumarhús sem hægt er að flytja, staðsetur í Mjóafirði. Tilboð óskast.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Til sölu eru 90 cm Rossignol barnaskíði með Rossignol bind-ingum. Mjög vel með farið. Verð kr. 6.000. Uppl. í sínum 695 2222 og 456 3517.

Óskum eftir að leigja 4-5 herb. íbúð eða hús á Ísafirði. Vinsamlegast hafið samband við Björn eða Önnu í síma 846 5472.

Óska eftir íbúð til leigu á Ísafirði. Upplýsingar í sínum 868 6616 eða 867 5560.

Til sölu er Polaris Indy 500 snjó-sleði, árg. 1997, lítill ekin með rafmagnsstarti og bakkgjör. Uppl. í síma 456 4555 og 825 7081.

Vantar ísskáp fyrir lítið eða gef-ins. Má vera 150 cm á hæð. Uppl. í síma 820 8284.

Rafhitaðir nuddpottar frá Frábæru verði. Uppl. í síma 896 6400.

Átta mánaða gamall kettlingur fæst gefins. Uppl. í síma 699 6332.

Til sölu eru tveir kajakar. Uppl. í síma 893 1058.

Til sölu eru fjórir miðar á tón-leika með Kim Larsen á Hróars-keldu 5. júní nk. Uppl. gefur Rósa Þorst. í síma 456 3976.

Til sölu er vel með farinn tví-skiptur ísskápur/frystir, 60x 145 með tveimur skúffum neðst. Verð kr. 10.000. Uppl. í síma 897 9360.

Til sölu er LazyBoy stóll og skrifborð. Uppl. í síma 895 1594.

Til sölu er stálkoja með hilli og skrifborði undir. Vel með farið. Ný dýna. Uppl. í síma 848 6013.

Óska eftir 160 cm skíðum. Uppl. í síma 893 4857.

Kirkjustarf

Flateyrarkirkja:
Guðsþjónusta nk. sunn-
dag kl. 14:00. Kirkjukór
Hnífsdalssóknar kemur í
heimsókn. Fjölmennum!
Ísafjarðarkirkja:
Messa og altarisganga
sunnudaginn 27. febrúar
kl. 11:00. Poppuð létt-
messa sama dag
kl. 20:30.

**Gerist
áskrif-
endur
í síma
456 4560**

Lestur á jólaævintýri Dickens á Langa Manga

Rúmlega 100 þúsund söfnuð-
ust til styrktar MND félaginu

Um eitt hundrad þúsund krónur söfnuðust þegar Elfar Logi Hannesson vert á Langa Manga á Ísafirði las Jólaævin-týri Dickens á Þorláksmessu til styrktar MND félagi Ís-lands. Söfnunin var gerð í nafni Magneu Karlsdóttur, MND sjúklings, sem ætluð er úr Ísafjarðardjúpi, en Magnea og Halldór Jónsson eiginmað-ur hennar bjuggu um árabíl á Ísafirði. Magnea er þakklát fyrir söfnunina og sagði hún peningana nýttast vel þar sem MND félagið væri að kaupa ýmis tæki fyrir þær stofnanir sem veita MND sjúklungum meðferð.

Að sögn Elfars Loga er hann einnig ánægður með hvernig til tókst og sagði hann mjög fallega og góða stemmningu hafa verið á Langa Manga þeg-ar hann las jólaævintýrið. „Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu sem lögðu leið sína á Langa Manga á Þorláksmessu og lögðu um leið söfnuninni lið. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur Vestfirðinga að standa þétt við bakið á okkar fólki,“ sagði Elf-ur Logi í samtali við blaðið. Þess má geta að Gámaþjónusta Vestfjarða lét 50 þúsund krón-ur af hendi rakna í söfnunina.

– bb@bb.is



Elfar Logi afhendir Magneu ávísunina sem er afkrakstur söfnunarinnar fyrir MND félagið. Ljósmynd: Jóhannes Kr. Kristjánsson.



Sex vilja byggðakvóta

Alls bárust sex umsóknir til Súðavíkurhrepps um byggðakvóta þann er hreppurinn fékk úthlutað fyrir skömmu. Alls komu 150 þorskígildistonn í hlut hrepps-ins og samþykkti sveitarstjórn fyrir skömmu reglur vegna úthlutun kvótans. Miðast þær við að þau skip er honum fá úthlutað landi honum til vinnslu í Súðavík. Á fundi sveitarstjórnar á fimmtudag var farið yfir um-sóknirnar og var sveitarstjóra að því loknu falið að óska eftir staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á tillögum sveitarstjórnar um úthlutun.

Skylda að skrá hunda

Á annan tug hundaeigenda í Ísafjarðarbæ hefur nýverið verið send tilmæli um að skrá hunda sína. Í orðsend-ingunni kemur fram að sé ekki farið eftir tilmælunum eigi Ísafjarðarbær engra annarra kosta völ en að láta lögreglustjóra framfylgja hundahaldsbanninu. Hundahald er bannað í Ísafjarðarbæ en bæjarstjórn veitir undanþágur með ákveðnum skilyrðum. Því eru hundar skráðir og fyrir þá skráningu er greitt skráningargjald þar sem innifalin er trygging og hundahreinsun. Lausa-ganga hunda er með öllu bönnuð. Þeir aðilar sem taldir eru hafa óskráða hunda í eigu sinni hafa frest til 1. mars til að skrá þá.

ADSL á Þingeyri

Síminn mun setja upp ADSL samband á Þingeyri og í Súðavík á næstu tveimur vikum að sögn Evu Magnús-dóttur, upplýsingafulltrúa Símans. Verið er að tengja Bíldudal og von er á að hægt verði að bjóða ADSL og stafrænar sjónvarpsútsendingar um ADSL í Súðavík og á Bíldudal fyrir lok febrúar. Eva segist ekki hafa nákvæma dagsetningu hvenær stafrænar sjónvarpsútsendingar um ADSL verði í boði á Ísafirði.

Sorphirða og eyðing á hverja íbúð dýrust á Ísafirði

Sveitarfélög landsins sjá sem kunnugt er um sorphirðu frá íbúum sínum og förgun þess. Til þess eru notaðar mjög mismunandi aðferðir og þær eru eðli málsins samkvæmt misdýrar. Til þess að standa straum af þessum kostnaði innheimta sveitarfélögin sorp-hirðugjöld og eru þau innheimt með fasteignagjöldum hjá ein-staklingum. Í lauslegri könnun

á sorphirðugjöldum hjá 10 sveitarfélögum kemur í ljós að hæst er gjaldið hjá Ísafjarð-arbæ eða 18.100 krónur á hverja íbúð. Næst hæst er gjaldið í Fjarðabyggð 16.700 krónur, í Vesturbyggð er gjaldið 14.000 krónur, á Húsa-vík 13.500 krónur, í Bolung-arvík 12.000 krónur, á Akra-nesi 11.500 krónur, í Vest-mannaeyjum er gjaldið 10.000

krónur, í Reykjavík 9.700 krónur, á Akureyri 8.500 krón-ur og í Skagafirði er gjaldið 7.950 krónur. Er því hæsta gjaldið 127 % hærra en það lægsta.

Í Ísafjarðarbæ, Súðavík og Vesturbyggð er sorpinu eytt á sama stað eða í Funa á Ísafirði. Því er athyglisvert að sjá þann mun sem er á sorpgjöldum þessara þriggja sveitarfélaga.

Einnig er mjög athyglisvert að skoða samsetningu gjalds-ins hjá Ísafjarðarbæ annars vegar og hjá Vesturbyggð hinsvegar. Í Vesturbyggð er sorphirðing á vegum dóttur-fyrirtækis þess fyrirtækis sem sér um hirðinguna í Ísafjarð-arbæ. Fyrirtækið flytur sorpið síðan til Ísafjarðar. Hirðing í Vesturbyggð er 6.000 krónur á íbúð en 8.800 í Ísafjarðarbæ

og er munurinn því um 46%. Sorp beggja sveitarfélaganna er brennt í Funa. Fyrir eyðing-una tekur Ísafjarðarbær 9.300 krónur á íbúð en Vesturbyggð tekur 8.000 krónur á íbúð og er munurinn þar 16,5%. Í Bol-ungarvík er sami aðili sem hirðir sorpið og því er einnig eytt í Funa en þrátt fyrir það er gjaldið ein-ungis 12.000 krónur á íbúð.

STAKKUR SKRIFAR

Undirskriftarlistar og jarðgöng

Pálína Vagnsdóttir er kraftakona sem hefur sýnt að hún ann heimabyggð sinni. Það er gott á tímum þegar flestir leita annað til að fullnægja frama-draumum sínum. Í Bolungarvík bjuggu samkvæmt bráðbirgðatölum Hagstofu Íslands 934 íbúar hinn 1. desember 2004. Þeim hefur fækkað frá velmektar-dögum víkurinnar, en 1. desember 1979 voru íbúarnir 1.249 eða ríflega 300 fleiri. Þeim hefur fækkað um 315 á 25 árum. Það svarar til fækkunar um ríf-lega 25 %. Það munar heldur betur um það að fjórðungur hverfi úr sveitarfélagi á sama tíma og íbúum Íslands hefur fjölgað úr 226.724 í 293.291, um nærri 67 þúsund eða ríflega 29 %.

Þessi þróun er ógnvænleg. Í stað þess að íbúar Bolungarvíkur ættu að vera 1.614, hefði þróun íbúafjölda þar orðið sú sama og á landsvísu, vantar því 680 upp á að halda hlutfalli meðaltalsins. Á þennan mælikvarða reiknað hef-ur Bolungarvík ekki nema tæplega 60 % af íbúafjölda meðaltalsins. Allir sjá hve alvarleg þessi þróun er og hve grátt hún hefur leikið þennan ágæta kaup-stað. Það er því sérstakt ánægjuefni að raunveruleg baráttukona skuli rísa upp og krefjast réttinda fyrir sitt sveitarfélag, sína heimabyggð. Það er vissu-lega kjarkur sem þarf til að standa upp og biðja fólk að skrifa nöfn sín á lista yfir þá sem vilja enn ein jarðgöngin, ekki ein heldur tvenn. Eins og vikið var að í seinasta Stakki þá gera áætlanir ríkisstjórnarinnar ráð fyrir því, að næstu jarðgöng á Vestfjörðum komi í framhaldi jarðganga sem kennd hafa verið

Hédinsfjörð og myndu tengja íbúa Siglufjarðar við byggðir Eyjafjarðar, Ól-afsfjörð, Dalvík og Akureyri. En hve margir eru þeir? Þeir eru rúmlega 1.400 sem enn búa á Siglufirði.

Þessi tvö sveitarfélög eru aðeins tvö sláandi dæmi um byggðir sem hafa látið undan síga þegar straumur tímans hefur skollíð á þeim með fullum þunga. Þrátt fyrir allar tilraunir til að halda fram einhvers konar byggðastefnu, fækkar íbúum landsbyggðar mjög ört. Það má því ljóst vera að sennilega hefur herkostnaður byggðastefnunnar skilað sér annað en til þeirra sem við hann bjuggu og vildu búa áfram úti á landi. Samgöngur eru, eða að minnsta kosti voru, besti kosturinn þegar kom að stuðningi við landsbyggðina. Í tveimur stærstu sveitarfélögum Íslands, Kópavogi og Reykjavík, búa nærri 140 þúsund manns, um 47% þjóðarinnar. Kannski skýrir það vaxandi skeyt-ingarleysi íbúa höfuðborgarinnar og nágrennis í garð landsbyggðarfólks og aukna óþolinmæði í okkar garð. En gleymum við ekki stundum að kröfur okkar er miklar miðað við höfðatölu og kannski lítt til þess fallnar að skapa með okkur samúð og velvild? Oft hefur verið sagt að í landinu búi tvær þjóð-ir. Það er ekki rétt, en Vestfirðingar eru innan innan við 3% þjóðarinnar. Hætt er við því að mörgum þyki við frekir til fjárins. En við eigum verk fyrir höndum að sannfæra þá um gildi þess að samfélagið fjárfesti hér. Til þess duga ekki undirskriftarlistar.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

mannlífid

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
23. febrúar, 54. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1927 lést Sveinbjörn Sveinbjörnsson
tónskáld, 79 ára að aldri. Hann bjó lengst af í Edin-
borg. Hann samdi á annað hundrað tónverk meðal
annars þjóðsöng Íslendinga.

Pennan dag árið 1983 hætti Video-son útsendingum.
Fyrirtækið hafði þá rekið kapalsjónvarp í tvö ár og náði
til um sex þúsund íbúða á höfuðborgarsvæðinu.

Pennan dag árið 1985 setti Torfi Ólafsson heimsmet
unglinga í réttstöðulyftu í kraftlyftingum, alls 322,5 kg.

Pennan dag árið 1992 fórst skuttogarinn Krossnes frá
Grundarfirði á Halamiðum. Níu af tólf manna áhöfn var
bjargað. Þetta var fyrsti íslenski stuttogarinn sem sökk.

Heimild: *Dagar Íslands. Jónas Ragnarsson tók saman.*

● Á þessum degi fyrir 53 árum



Drengurinn slapp

Fyrir nokkru gerðist það á ysta bænum hér í Árneshreppi, Dröngum að húsmóðirin frú Anna Guðjónsdóttir brenndist allmikili á fæti er sjóheitur grautur helltist yfir fótlegg og fót hennar. Anna var að taka graut ofan af eldavél, en um leið og hún var að taka hann af, greip lítil drengur hennar í grautarpottinn með þeim afleiðingum að sjóðandi grauturinn helltist yfir drenginn og móðir hans. Unglingstúlka sem nærstödd var setti kalt vatn þegar yfir höfuð drengsins, sem slapp svo til óbrenndur. Er talið að mikili hárf á höfði hans hafi bjargað honum. Frú Anna brenndist hins vegar illa á fæti. Þar á heimilinu voru ekki tiltæk nein brunameðul og það tók vikutíma að ná þeim heim að Dröngum.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:
Hægviðri og léttskýjað með köflum. Hiti um frostmark.

Horfur á laugardag:
Hægviðri og léttskýjað með köflum. Hiti um frostmark.

Horfur á sunnudag:
Norðaustlæg átt og él, einkum norðan- og austan-
lands. Kólnandi veður.

Horfur á mánudag:
Norðaustlæg átt og él, einkum norðan- og austan-
lands. Kólnandi veður.

● Spurning vikunnar

Hvor jarðgöngin finnst þér að ætti að
koma á undan?

Alls svöruðu 1.128. – Göng milli þéttbýlisstaða við
Djúp sögðu 461 eða 41% – Göng milli Dýrafjarðar og
Arnarfjarðar sögðu 603 eða 53% – Alveg sama
sögðu 64 eða 6%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið
skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? · Ómar Smári Kristjánsson og Nína Ivanova, vetursetumenn í Æðey

Frjálsar hulduhænur í fjárhúsinu

„Það er allt ljómandi gott að fréttá úr Æðey, helst er það að fréttá að ekkert er að fréttá. Tíðin hefur verið góð í vetur og ég sá glitský um daginn. Þá hefur skógar-þróstur haft heilsárssetu hér og líka í fyrri en ég veit ekki hvort það er sami fuglinn.“

Við erum hér með hulduhænur sem koma frá bróður

mínum. Einn daginn komu hæurnar hans með 12 unga sem enginn vissi hvaðan hefðu komið. Þetta kraftaverk gerðist á Suðurlandi og við fengum að taka unga með okkur vestur. Hæurnar fá nú að valsa frjálsar um í fjárhúsinu og virðast hafa erfitt þetta hulduhænur sem koma frá bróður

Við fáum því frá þeim engin egg, aðeins ánægjuna en það er alveg nóg.

Ekki stendur til að endur-útgefa skopmyndabókina okkar sem byggð var á persónum úr 101 vestfirskum þjóðsögum eftir Gísla Hjartar. Hún seldist ekki svo vel. Kannski erum við bara ekki nógu góðir sölumenn.“



Jón Stefán Kristjánsson
og Elvar Logi Hannesson.

Dúndur skemmtileg saga

Kómedíuleikhúsið frumsýndi einleik um Gísla Súrsson á Þingeyri á föstudag við góðar undirtektir. Leikgerð sem byggð er að sjálfsgöðu á Gísla sögu er eftir leikarana Elfar Loga Hannesson og Jón Stefán Kristjánsson. Elfar Logi er einleikari sýningarinnar en Jón Stefán leikstjóri. Bæjarins besta ræddi við leikarana í frumsýningarvikunni um verkið.

– Hvernig gekk að skrifa einleik upp úr Gísla sögu?

„Við byrjuðum bara með bókina og vissum ekkert hvað við ætluðum að gera. Við strönduðum aldrei en tókum þetta í hænuftum. Það voru ekki nein stór vandamál fyrir utan að það er eitt stórt vandamál að gera einleik úr Gísla sögu Súrssonar. Fyrir utan það vandamál gekk þetta ágætlega“, segir Jón Stefán og hlær.

„Já þetta er náttúrulega óðs manns æði en það hafa verið

gerðir einleikir af svo stórum og miklum sögum. Við erum svo sem ekkert að brjóta mikið blað í leikhússögunni. Þetta er spurning um aðferð og hvernig áhorfendur eru til í að leika með okkur og tekur við þessari aðferð“, segir Logi.

„Fyrst þarf að ákveða hvað pól maður tekur í hæðina. Á þetta bara að vera Gísla Súrsson á vaðmálsbrókunum sem mælir fram gullvægar setningar úr bókinni eða vill maður gera eitthvað annað. Erfiðast var að koma boltanum af stað en þegar hann var farinn að rílla í einhverja átt, elti maður hann“, segir Jón Stefán.

Sagan vafin inn í þéttan orðalopa

„Gíslu er lesinn í flestöllum grunnskólum landsins og við erum að vonast til þess að verkið verði ágætis búbot við

kennsluna. Ég sem meðhöfundur og leikstjóri hef miðað við að unglingar gætu skemmt sér yfir verkinu. Ég hef sjálfur kennt Gíslasögu og ákveðin þættir þóttu nokkuð erfiðir. Okkur langar til að krakkarnir geri sér grein fyrir að þarna er á ferðinni dúndur skemmtileg saga. Þeim finnst oft sagan vera of hátíðleg, vafin inn í þéttan orðalopa og sjá ekki söguna inn í öllum þessum orðum. Við reynum að draga söguna út og sýna fólki að það þarf ekki endilega að nálgast þennan þjóðararf með einhverjum óskaplegum hátíðleika“, segir Jón Stefán.

– Er þetta í fyrsta sinn sem Gíslu er settur á svið?

„Gíslu hefur verið settur upp í söngleikjaformi hjá Menntaskólanum á Ísafirði en það verk skrifaði kona frá Bíldudal. Einnig samdi írsk kona leikrit byggðu á Gíslasögu og Vestfirðingurinn Matthías

Jochumsson þýddi. Ég veit þó ekki til þess að það verk hafi verið sýnt. Það er nokkuð víst að þetta er í fyrsta sinn sem sagan er færð í einleikjaform“, segir Elfar Logi.

– Eruð þið ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur með því að taka fyrir eina af ástsælustu Íslendingasögum?

„Það fylgir því að ráðast í verk sem margir þekkja og hafa dálæti á að meiri hætta er á að einhverjir verði ósáttir við útkomuna. En það gerir verkefnið meira spennandi viðfangs fyrir leikara“, segir Jón Stefán.

„Við erum undirbúnir fyrir að sumir eigi eftir að skjóta einhverju að okkur. Það verður vonandi skemmtileg umræða sem hlýst af því. Fyrst og fremst vonum við að þetta verði skemmtileg stund í leikhúsi“, segir Elfar Logi Hannesson.

● Borgin mín · Tryggvi Guðmundsson, lögfræðingur á Ísafirði

París er sú fallegasta

„Ég hef nú ekki komið í það margar borgir en sú fallegasta og skemmtilegasta sem ég hef heim-sótt er París. Fegurðin þar er mikil, stórkostlegar byggingar, miklar skreytingar og svo náttúrlega áin Signa. Að sjá þessi gríðarlegu mannvirki eins og Eiffel-



turninn og fara í Louvre safnið var mikil upplifun.

Ég hef bara einu sinni komið þangað en líklegt er að ég fari þangað einhvern tíma aftur. Maður hefur látið skíða- og golfferðir ganga fyrir en það er kominn tími á borgarferðir,“ segir Tryggvi Guðmundsson.



● Vestfirskar þjóðsögur · Gísli Hjartarson

Sýslumaðurinn kominn aftur?

Fyrir nokkru var Ásgeir S. Sigurðsson, Geiri Mess, kenndur við konu sína Messíönu Marzelliusdóttur, að skipta um ljósaperur á klósettum í Stjórn-sýsluhúsinu á Ísafirði, en þar er hann húsvörður. Geiri gleymdi tröppu, sem hann notaði við verkið, framan við hlandskálarnar á karlklósettinu.

Birgir Valdimarsson, starfsmaður á bæjarskrifstofunum, fór að miga og sá tröppuna á þessum undarlega stað. Hann fór því til Geira húsvarðar og spurði:

Er Ólafur Helgi [fyrirverandi sýslumaður á Ísafirði] aftur farinn að vinna hér í húsinu?

● Starflið mitt · Jón Páll Hreinsson, svæðisstjóri Eimskipa á Vestfjörðum

Ætlaði að verða rokkstjarna eða atvinnumaður í knattspyrnu

„Ég er svæðisstjóri Eimskip á Vestfjörðum og stjórna útibúi Eimskipa. Ég hef unnið þar í 6 mánuði. Það besta við starfið er að það er lifandi og sýbreytilegt. Maður veit aldrei hvað hver dagur ber í skauti sér. Svo hef ég ánægju að vera í kringum skemmtilegt fólk sem er nóg af, bæði hjá Eimskip og viðskiptavinum þess.“

A hefðbundnum degi byrja ég á því að fá mér fyrsta kaffibolla dagsins, sá fyrsti af alltof mörgum, þegar ég mæti á morgnana. Geng síðan gjarnan einn hring inn í vörumóttöku til að skoða hvaða vörur hafa borist okkar þann morguninn. Svo taka við tölvupóstar, sím-tölin og verkefni dagsins, eitt af öðru.

Þegar ég var ungur drengur ætlaði ég að verða annað hvort

rokkstjarna eða atvinnumaður í fótbolta. Þar sem hvoru-veggja virðist runnið mér úr greipum held ég mig við líf-andi stund. Maður ber sjálfur ábyrgð á því að hafa gaman að vinnunni sinni og ef það tekst þá er það í mínum huga draumastarfið hverju sinni.

Eimskip Innanlands á Ísafirði er þjónustufyrirtæki og hefur það hlutverk að flytja vörur til og frá Vestfjörðum. En þótt að ég sé svæðisstjóri yfir þessu batteri er það ekki ég sem framkvæmi þjónustuna. Ég er nefnilega það heppinn að ég hef í kringum mig frábært starfsfólk sem leggur á sig ótrúlegt og óeigingjarnt starf við að þjónusta okkar viðskiptavini og án þeirra væri mitt starf lítils virði,“ sagði Jón Páll Hreinsson.



● Brennslan mín · Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar

Hittir mig beint í hjartastað

Það er varla leggjandi á nokkurn mann að ætla að velja aðeins tíu lög úr þeim aragrúa tónsmíða sem hafa orðið á vegi manns á lífsleiðinni. Ég verð reyndar seint kólluð alæta á tónlist því það eru ákveðin tengund tónlistar sem ég finn mig alls ekki í, t.d. þungarokk og pönk, en það breytir ekki því að heimurinn er fullur af hreint frábærri tónlist sem hefur haft áhrif á mig á ólíkum tímabilum. Hér er bara brotabrot af því.

1. Bohemian Rhapsody - Queen

Ég held að þessi hljómsveit hafi átt stóran þátt í móta tónlistarsmekkinn minn en ég var bara krakki þegar þeir slógu fyrst í gegn. Einfaldlega einhver besta hljómsveit allra tíma sem samdi ódauðlega tónlist.

2. Sledgehammer

- Peter Gabriel
Fádæma gott lag frá djamm-árunum (kom út þegar ég var um tvítugt) frá fjölhæfum listamanni sem alltof lítið hefur heyrst frá uppá síðkastið.

3. Adagio í G-dúr - Albinoni

Ég kann enga sérstaka skýringu á því en fáar klassískar tónsmíðar hafa hreyft jafn mikið við mér og þessi.

4. Vegbúinn - KK band

Þetta lag er að finna á plötunni Bein leið sem er fyrsta plata KK. Platan í heild er frábær en hún skipar líka sérstakan sess í sögu fjölskyldunnar. Platan kom út haustið 1992 um svipað leyti og ég flutti til Ísafjarðar. Eins og einhverjir muna voru sjálfir útgáfutónleikarnir haldnir á þeim merka stað Vagninum á Flateyri en það þótti tíðindum sæta. Til að gera langa sögu stutta þá var það á þessum

tónleikum sem við sáumst í fyrsta sinn, maðurinn minn og ég!

5. Kossar án vara - Bubbi

Ég er ekki forfallinn aðdáandi Bubba þótt mér líki margt sem frá honum hefur komið. Þetta er af plötunni Von og hún hitti mig beint í hjartastað. Sennilega eru það kúbversku áhrifin í henni og svo spilar það nú líka inni að hún kom út þennan sama vetur og tilhuga-lífið stóð sem hæst!

6. Smooth - Santana

Lag sem sýnir það og sannar að þessar gömlu kempur gleyma engu. Maður setur strax í dansgírinn.

7. Lisa Ekdahl - Vem vet

Sænsk söngkona sem sló rækilega í gegn í Noregi á þeim tíma sem ég bjó þar. Þetta lag kallar fram minningar um heita, sólríka daga í Ósló. Kemur mér alltaf í gott skap.

8. Poème - Secret Garden

Man einhver eftir því þegar Norðmenn unnu Júrövisjón keppnina með fiðluleik og 24 orðum? Það var þessi dúett sem síðar gaf út plötu sem heitir White stone og hefur að geyma þetta lag. Dásamleg tónsmíð sem erfitt er að afmarka bás fyrir en ég fyllist einhverri hugaró við að hlusta á þessa tónlist.

9. Como quierer que te quiera - Rosario

Ég var stódd í verslun í Barcelona á Spáni þegar ég heyrði þetta lag spilað í bakgrunni. Ég hafði aldrei heyrð á söngkonuna minnst, en hún er stórgóð, ég kolféll fyrir laginu og keypti plötuna. Er reyndar mjög hrifin af tónlist sem er undir spænskum áhrifum.

10. Fögur er foldin - Lag frá Schlesíu

Sálmur í þýðingu Matthí-



Birna Lárusdóttir.

asar Jochumssonar. Ég söng í Kór Langholtskirkju fyrir mörgum árum og kynntist þessum sálmi fyrst sem jólasálmi þótt lagið sé söngkonuna minnst, en hún er stórgóð, ég kolféll fyrir laginu og keypti plötuna. Er reyndar mjög hrifin af tónlist sem er undir spænskum áhrifum.

● Sportlið í belni

SkjárEinn:

Laugardagur 26. febrúar:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Southampton – Arsenal.
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Tottenham – Fulham

Sunnudagur 27. febrúar:
Kl. 13:00 – Enski boltinn: Newcastle – Bolton
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Middlesbrough – Charlton

Mánudagur 28. febrúar:
Kl. 22:40 – Enski boltinn: Norwich – Man. City

Sýn:

Sunnudagur 27. febrúar:
Kl. 14:45 – Enski bikarinn: Liverpool – Chelsea
Kl. 17:50 – Spænski boltinn: Leikur óákveðinn

Canal+ Norge:

Laugardagur 26. febrúar:
Kl. 12:45 – Enski boltinn: Southampton – Arsenal.
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Aston Villa – Everton
Kl. 19:25 – Ítalski boltinn: Fiorentina – Udinese

Sunnudagur 27. febrúar:
Kl. 19:25 – Ítalski boltinn: Inter Milan – AC Milan

Mánudagur 28. febrúar:
Kl. 19:55 – Enski boltinn: Norwich – Man. City

Canal+ Sport:

Föstudagur 25. febrúar:
Kl. 01:15 – NBA boltinn: Memphis – Denver

Laugardagur 26. febrúar:
Kl. 15:00 – Enski boltinn: Tottenham – Fulham
Kl. 17:10 – Enski boltinn: Man. Utd. – Portsmouth
Kl. 19:10 – Enski boltinn: Crystal P. – Birmingham

Sunnudagur 27. febrúar:
Kl. 12:55 – Enski boltinn: Newcastle – Bolton
Kl. 14:55 – Enski boltinn: Middlesbrough – Charlton
Kl. 19:00 – Ítalski boltinn: Juventus – Siena

Ertu orðin(n) áskrifandi?



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu


PÓSTURINN
allur pakkinn

Símaskiptiborð Íslandsbanka verður staðsett á Ísafirði

Tíu ný störf skapast

Íslandsbanki hefur tekið ákvörðun um að símaskiptiborð bankans verði staðsett á Ísafirði. Tveir starfsmenn hefja störf við símaskiptiborðið á Ísafirði á næstu vikum og er gert ráð fyrir að stöðugildin verði orðin yfir tíu á fyrri hluta ársins 2006. Í frétt frá bankanum segir að breytingin muni gerast í áföngum þannig að nýráðningar á símaskiptiborði verða á Ísafirði, en núverandi skiptiborð verður starf-

rækt áfram í Reykjavík um sinn. Símaskiptiborð Íslandsbanka verður staðsett í útibúi Íslandsbanka að Hafnarstræti 1 á Ísafirði. Níu starfsmenn vinna í útibúinu, þannig að heildarstarfsmannafjöldi verður um 20 á fyrri hluta ársins 2006.

Þá segir að Hallgrímur Magnús Sigurjónsson útibústjóri á Ísafirði hafi haft förgöngu um málið innan Íslandsbanka. Ísafjörður þykir henta

afar vel fyrir símaskiptiborð bankans, þar sem vinnumarkaður er nógu stór og tæknipækking til staðar, auk þess sem bankinn styrkir með þessu tengsl sín við byggðalagið.

Í dag vinna tíu starfsmenn við símaskiptiborð Íslandsbanka og eru stöðugildin átta. Símaskiptiborðið tekur við öllum símhringingum sem bankanum berast og er það staðsett við höfuðstöðvar bankans að Kirkjusandi. Þeir tveir starfs-

menn sem ráðnir verða á næstu vikum bætast við starfsmannafjöldann og er gert ráð fyrir frekari fjölgun á næstu mánuðum vegna aukinna verkefna. Ekki hefur komið til neinna uppsagna vegna flutnings símaskiptiborðsins. Íslandsbanki mun leitast við að flytja þá starfsmenn símaskiptiborðsins sem þess óska til í starfi innan bankans og bjóða þeim upp á endurmenntun í því skyni. – *hj@bb.is*



Íslandsbanki er til húsa í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.



Frá slysstæð við krossinn á Óshlíð.

Harður árekstur á Óshlíð

Ökumaður fólksbils var fluttur á sjúkrahúsið á Ísafirði eftir harðan árekstur fólksbils og jeppa bifreiðar skammt utan til

við krossinn á Óshlíð á föstudagsmorgun. Svo virðist sem ökumaður fólksbilsins hafi misst stjórn á honum í hállku og

ekið í veg fyrir jeppann. Báðir bílarnir eru mikið skemmdir. Ökumaður fólksbilsins mun hafa slasast á mjóðm. Hann var

fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur til frekari rannsókna. Ökumann jeppans og farþega sakaði ekki. – *hj@bb.is*

Myndbandi af líkamsárás dreift

Myndbandi með líkamsárás í Hafnarstræti í Reykjavík, sem leiddi til dauða ungs manns frá Ísafirði, er dreift á Netinu. Myndbandið er úr eftirlitsmyndavél lögreglunnar og var sönnunargagn í málinu gegn árársarmönnum. Yfirlögregluþjónn í Reykjavík segir þetta afar ósmekklegt. Aðfaramótt 7. apríl árið 2002 réðust tveir menn á þann þriðja fyrir utan skemmtistað í Hafnarstræti. Árásinni lauk með því að sá sem ráðist var á, 22 ára, lést af áverkum á sjúkrahúsi nokkrum dögum síðar. Tvímenningarnir voru í október árið 2003 dæmdir af Hæstaretti í þriggja og sex ára fangelsi. Frá þessu segir á visir.is.

Meðal sönnunargagna í málinu á sínum tíma var myndband úr eftirlitsmyndavél lögreglunnar og því myndbandi er nú dreift á Netinu. Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir að lögreglan hafi fengið upplýsingar um það. Aðspurður hvort hann geti skýrt

hvers vegna myndbandið sé komið á Netið segir Geir Jón að helsta skýringin sé sú að þeir aðilar sem hafi aðgang að gögnunum hafi látið myndbandið frá sér. Ljóst sé að þetta þjóni ekki tilgangi lögreglunnar og það sé ekki frá henni komið. Lögreglan hafi grunsemdir um að verjandi eða sakborningar í málinu hafi séð ástæðu til að koma myndbandinu áfram.

Geir Jón segir að lögreglu beri að afhenda öll gögn í svona málum en hann segir það engan veginn þjóna lögreglunni að gögn á við þetta myndband fari í almenna dreifingu. Hann telur ekki ástæðu til að rannsaka eftir hvaða leiðum myndbandið barst á Netið. Mann hafi þessi gögn löglega í sínum höndum og lögregla hafi gert athugasemdir við það því henni finnst það ekki við hæfi.

Geir Jón er ekki sáttur við að þeir sem ábyrgð bera á dreifingu myndbandsins skuli hafa valið þessa leið.

Orkubúið, RARIK og Landsvirkjun sameinuð frá næstu áramótum

Stefnt að hinum sameinuðu fyrirtækjum verði breytt í hlutafélag

Ákveðið hefur verið að sameina Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveitur ríkisins og Landsvirkjun. Þetta var ákveðið í kjölfar þess að ríkið hefur gengið frá viljayfirlýsingu um að leysa til sín hlut Akureyr-

arbæjar og Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun. Í fréttatilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu segir að með sameiningu fyrirtækjanna færi ríkið eitur sínar á raforkumarkaði í eitt fyrirtæki í framleiðslu, dreifingu

og sölu raforku. Undirbúningur að sameiningunni hefst nú þegar. Stefnir er að því að honum ljúki eigi síðar en 30 september 2005 og að sameiningin taki gildi 1. janúar 2006.

Stefnt er að því að hinum

sameinuðu fyrirtækjum verði breytt í hlutafélag, þó eigi fyrir en á árinu 2008. Segja ráðuneytin að með hlutafélagavæðingunni séu sköpuð skilyrði fyrir aðkomu nýrra fjárfesta að fyrirtækinu. Sjá einnig bls. 7.



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða á Ísafirði.